

Dagskrá

Föstudagur 25. október

- 10:30 Afhending gagna og hressing
- 11:00 Þingsetning – Kosning þingforseta og ritara
Kosning kjörnefndar
Kosning kjörbréfanefndar afgreiðsla kjörbréfa
Kosning fjárhagsnefndar
- 11:15 Ávarp formanns – Hafdís Gunnarsdóttir
- 11:30 Ávörp gesta
Haraldur Benediktsson – fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis
Karl Björnsson Samband íslenskra sveitarfélaga
- 12:00 Fjárhags-og starfsáætlun 2020
- 12:30 Hádegismatur
- 13:30 Ályktanir og tillögur millipinganefndar
Nefndastörf – fyrsta umræða
- 14.30 Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum
- Sóknaráætlun Vestfjarða – Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
 - Svæðisskipulag - Yfirferð yfir fyrri vinnu og samþykkt frá 2018 – Aðalsteinn Óskarsson
 - Svæðisskipulag Strandir, Dalir, Reykhólar – Þorgeir Pálsson
 - Vestfirðir 2035 – sveitarstjórnarstigið framtíðarsýn?
Vinnustofa
- 17:00 Fundarhlé
- 17:30 Skoðunarferð
- 19.00 Kvöldverður

Laugardagur 26. október

- 09.00 Nefndarstörf.
- 11:00 Ávörp
Sigurður Ingi Jóhannsson – Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra Aldís Hafsteinsdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 12.00 Hádegisverður
- 12:30 Umhverfislestin „sett af stað“ – Sigurður Ingi Jóhannsson.
- 13:00 Skýrsla samgöngu- og fjarskiptanefndar
- 13:15 Afgreiðsla mála
Önnur mál.
- 14:15 Þingslit

4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Haldið 25. og 26. október 2019

Félagsheimilinu Hólmavík

Þingskjal nr. 2

Atkvæðavægi sveitarfélaga á 4. Haustþingi 2019

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði.

Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Íbúar
1.jan.19

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Grunn atkvæði	Fjöldi atkvæða
Reykhólahreppur	258	300	558
Vesturbyggð	998	300	1298
Tálknafjarðarhreppur	258	300	558
Bolungarvík	953	300	1253
Ísafjarðarbær	3800	300	4100
Súðavíkurhreppur	204	300	504
Árneshreppur	40	300	340
Kaldrananeshreppur	103	300	403
Strandabyggð	449	300	749
Samtals	7063	2700	9763

Samþykktir og þingsköp Fjórðungssambands Vestfirðinga

Samþykktir

1. gr. Heiti og heimili

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

2. gr. Hlutverk

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Markmið sambandsins eru:

- að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við, snúa að byggðaðróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirska vísu, eða vinna að hagsmunamálum Vestfjarða eftir því sem við á.

3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing skal kallað saman árlega, eigi síðar en í maí. Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmeitt ef löglega er til þess boðað. Fjórðungsþing Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungsþings aðilum, sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Haustþing um hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum skal haldið í september mánuði ár hvert sbr. 10. gr.

Aukafing skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukafings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukafing haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

Á fjórðungsþingi, sem haldið er á kosningarári til sveitarstjórna skal fresta kosningum til haustþings sbr. 5. gr. og 8. gr.

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsþing og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsþing eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungsþingi.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um fulltrúa sína á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en 7 dögum fyrir upphaf þinghalds. Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsþing.

5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Á fyrsta Fjórðungsþingi (haustþingi) eftir sveitarstjórnarkosningar skal kjósa fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara og skal kjörtímabil stjórnar vera tvö ár. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsþing formann stjórnar, en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsþing ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

6. gr. Framkvæmdastjóri

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ræður framkvæmdastjóra sambandsins og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu sambandsins forstöðu og hefur á hendi fjármálastjórn. Framkvæmdastjóri á sæti á Fjórðungsþingi, haustþingi og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Hann skal leggja fram starfsskýrslu á Fjórðungsþingi. Framkvæmdastjóri ræður aðra fastráðna starfsmenn

sambandsins í samráði við stjórn, markar starfssvið þeirra og gerir við þá ráðningarsamninga, eftir því sem við á.

7. gr. Ársreikningur

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

8. gr. Dagskrá Fjórðungsþings

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing endurskoðaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði reikningarnir og endurskoðaða fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir Fjórðungsþing. Á dagskrá Fjórðungsþings skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
5. Kosning í fastanefndir, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

9. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, *Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti* og *Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða*. Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir; í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins. Í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða skulu kjörnir níu fulltrúar og níu til vara, allt að fjórir aðalfulltrúar komi úr hópi aðal- og eða varafulltrúa í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum og aðrir aðalfulltrúar úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum. Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsþing kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsvettvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

10. gr. Haustþing

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal halda haustþing um hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfirðum í september mánuði ár hvert. Á haustþingið hafa kjörgengi fulltrúar sveitarfélaganna samkvæmt 3. grein samþykktu þessara. Stjórn Fjórðungssambandsins er heimilt að bjóða til haustþingsins aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins, með málfrelsi og tillögurétt. Haustþingið getur ályktað um þau mál sem borin eru þar upp og ræður afl atkvæða niðurstöðu máls. Á haustþingi skal leggja fram fjárhagsáætlun og starfsáætlun sambandsins fyrir komandi ár.

11. gr. Kostnaður

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundahöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af sambandinu. Þóknarir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungsþingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa.

12. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má samþykktum þessum á Fjórðungsþingi og þarf 2/3 hluta gilda atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

13. gr. Um aðild og úrsögn

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar sambandsins eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsþing og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild. Ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir Fjórðungsþing.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykktu aðild skal greiða fyrir eignarhlut sinn í sambandinu í hlutfalli við íbúafjölda, miðað við 1. janúar. Miða skal við hreina eign sambandsins, miðað við síðustu áramót.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í sambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en sex mánuðum fyrir Fjórðungsþing og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Á kosningarári til sveitarstjórna skal úrsögn tilkynnast fyrir 1. júlí. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í sambandinu. Greiðsla til sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

14. gr. Slit

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema tvö löglega boðuð Fjórðungsþing samþykki það með 2/3 hluta atkvæða. Þingin skulu haldin með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

Samþykkt á 63. Fjórðungsþingi Vestfirðinga 2. maí 2018.

Þingsköp fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

1. gr. Ársþingið heitir Fjórðungsþing Vestfirðinga.

2. gr. Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins.

3. gr. Formaður stjórnar sambandsins, eða annar í umboði hans, setur þingið og gengst fyrir kosningu þingforseta. Lætur forseti því næst kjósa varaforseta og ritara, einn eða fleiri, og rita þeir eða láta rita í gerðabók gerðir þingsins og atkvæðagreiðslur og skal bókun lesin upp í þinglok, sé þess óskað. Heimilt er að færa þinggerð í tölvu. Heimilt er þingforsetum að ráða utanþingskrifara til aðstoðar ritara. Heimilt er að senda út og hljóðrita ræður þeirra sem til máls taka á þingfundum.

4.gr. Kjörbréf fulltrúa skulu lögð fyrir þingið í upphafi þess, undirrituð af hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða framkvæmdastjóra hennar. Þingfundur kýs þriggja manna kjörbréfanefnd til að athuga kjörbréf fulltrúa í upphafi þings og leggur hún niðurstöður sínar fyrir fundinn til samþykktar eða synjunar.

5. gr. Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna. Þingforsetar ráða röð málanna á dagskránni.

6. gr. Í upphafi þings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd, fjármálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir. Rísi ágreiningur um til hvernar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar stjórnarkjör fer fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og vara-endurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

7. gr. Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á fundum. Mál er fallið ef atkvæði eru jöfn.

8. gr. Tvær umræður skulu fara fram um hvert mál, þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef fundurinn samþykkir. Við lok fyrri umræðu skal málum vísað til nefnda. Eftir umfjöllun nefnda skal mál tekið til annarrar umræðu og afgreiðslu þings.

9. gr. Hver þingfulltrúi hefur leyfi til að koma með breytingar- eða viðaukatillögur, bæði við aðaltillögur og breytingartillögur. Breytingartillögur hafa forgangsrétt við atkvæðagreiðslur. Allar tillögur skal afhenda forseta skriflega, undirritaðar af tillögumanni, áður en til atkvæða er gengið.

10. gr. Máli má víkja frá umræðu með rökstuddri dagskrá og skal hún borin undir atkvæði þingfundar.

11. gr. Atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli, ef þess er krafist, eða ef hún er óljós að dómi forseta. Sé óskað skriflegrar atkvæðagreiðslu, skal hún fara fram og skal stjórnin hafa tiltæka atkvæðaseðla miðað við atkvæði hvers þingfulltrúa.

12. gr. Þegar forseti vill taka þátt í umræðum vikur hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

13. gr. Fulltrúar skulu taka til máls standandi frá sætum sínum eða í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í rétttri röð, eftir því sem

þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

14. gr. Enginn fulltrúi má taka oftari til máls en þrisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli, en þó skulu flutningsmenn máls og framsögumenn meiri- og minnihluta nefnda hafa rétt til að taka oftari til máls.

15. gr. Forseta skal skylt að bera undir atkvæði hvort umræðum skuli hætt, ef fimm fulltrúar æskja þess skriflega.

16. gr. Forseti sér um að góð regla sé á fundum og hefur rétt til að víta framkomu fulltrúanna í orðum og hátterni. Sé fulltrúi mjög ókurteis í orðum hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið við þá umræðu. Skyldir skulu fulltrúarnir til að aðstoða forseta í að halda góðri reglu.

17. gr. Þingfundir skulu öllum opnir á meðan húsrúm leyfir án málfrelsis og tillöguréttar. Heimilt er að halda lokaðan þingfund ef meirihluti þingfulltrúa samþykkir.

18. gr. Þingsköpum þessum má breyta og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

Þannig samþykkt á 55. Fjórðungsþingi Vestfirðinga 2010.

Ávarp formanns

Ávarp formanns

Kæru félagar, sveitarstjórnarfólk, starfsmenn og aðrir þinggestir

Velkomin á fjórða haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga sem að þessu sinni er haldið á Hólmavík. Þessu fallega bæjarstæði sem flestir tengja við galdrafár, ævintýrilegar frásagnir og dugmikið fólk.

Fyrir ári síðan sátum við flest nánast dofin í sal Edinborgarhússins á Ísafirði eftir að hin alræmda, andlitslausa úrskurðarnefnd auðlinda og umhverfismála hafði kveðið sinn ömurlega og ósanngjarna dóm; að afturkalla leyfi fiskeldisfyrirtækja til skapa verðmæti fyrir þjóðarbúskapinn.

Í leiðinni var fótunum hreinlega kippt undan okkur Vestfirðingum, með nánast einu pennastriki. Ég var þá á mínu fyrsta haustþingi og hreinlega dáðist að kraftinum í Vestfirsku sveitarstjórnarfólki sem stóð þarna saman sem ein manneskja og krafðist leiðréttingar á ósanngjarnri niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. Þá fór allt á fullt og er ég sannfærð um að hver einasti þingmaður og ráðherra hafi fengið símtal frá okkar sveitarstjórnarfólki þennan dag. Vestfirska vélin knúin áfram af pólitíkinni, atvinnulífinu, Vestfjarðastofu og almennum íbúum fór í fimmta gír og hætti ekki að ganga fyrr en leyfin höfðu verið veitt á ný. Vil ég enn og aftur þakka þingmönnum okkar í kjördæminu fyrir að leggjast á árarar með okkur og tryggja leiðréttingu skjótt og vel.

Í þessu neyðarástandi sem ríkti minntum við Vestfirðingar á að þegar við vinnum saman erum við óstöðvandi afl.

Það er akkúrat þetta sem við ætlum að vinna með á haustþinginu í ár – samvinna sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Getum við mögulega bætt þjónustu okkar við íbúa með samvinnu? Getum við mögulega farið betur með fé útsvarsgreiðenda með samvinnu? Getum við eflt Vestfirði með samvinnu? Ef möguleiki er á að svarið sé já ber okkur kjörnum fulltrúum skylda til að kanna það til hlýtar. En þegar talað er um samvinnu fara margir að hugsa um sameiningu og er alls ekki samasem merki þar á milli. Það er vissulega ósanngjarnt að sveitarfélög á Vestfjörðum standa frammi fyrir því að vera þvinguð til sameiningar. En það er von mín að við getum rætt tækifærin sem felast í samvinnu án þess að láta tillögu ráðherra um lögþvingaðar sameiningar koma íveg fyrir samtalið.

Það er skylda okkar að veita íbúum okkar bestu mögulegu þjónustu. Það er einnig skylda okkar að gera það sem er best fyrir Vestfirði og við sveitarstjórnarfólk vinnum sem ein heild að stórum hagsmunamálum. Það er eina leiðin til að efla Vestfirði sem heild.

Á árinu 2020 mun Fjórðungssamband Vestfirðinga halda áfram í hagsmunabaráttu fyrir fjórðunginn og verða þar samgöngumál og atvinnumál eflaust fyrirferðamest. Við höfum hafið stórsókn í atvinnumálum, sérstaklega með auknum umsvifum fiskeldis, og kallar hún á eflingu innviða s.s. hafnarmannvirkja og samgangna. Bjóða á út veg um Gufudalssveit og eiga framkvæmdir að hefjast á næsta ári, ef allt verður ekki kært í drasl. Við Vestfirðingar höfum óþolandi mikla reynslu í því. Framkvæmdir við Dýrafjarðargöng hafa vel haldið áætlun og ættum við að standa þar inni, skælbrosandi í opunarhófi næsta haust. Þá hefur Dynjandisheiðinni verið komið framur í samgönguáætlun sem þýðir að norður- og suður- Vestfirðir verða loksins eitt atvinnusvæði. Bíldudalsvegur er einnig komin framur í samgönguáætlun, en þyrfti þó að komast enn framur.

Baráttan okkar á næsta ári, og er hún nú þegar hafin, mun að mestu snúast um Strandasvæðið og Árneshrepp og koma samgöngum þar í mannsæmandi horf. Það er algjörlega réttmætt krafa að Innstrandavegur komist framur í samgönguáætlun, enda hluti af vegi fyrir þjónustusókn íbúa Strandabyggðar. Íbúar Árneshrepps hafa barist með aðdáunarverðum hætti fyrir tilverurétti sínum og tækifærum til að efla byggðina t.d. með virkjun Hvalár. Manni fallast því hendur um nýjustu áform um fimm ára bið á framkvæmdum á Veiðileysuháls. Fólk er bara að biðja um að komast heim til sín. Ég skora því á alla hér inni til að leggjast á sveif með íbúum Árneshrepps, okkar fámennasta sveitarfélagi, við að ná eyrum ríkisvaldsins og koma samgöngum þar í boðlegt horf.

Fyrir þinginu liggja tvær ályktanir frá stjórn Fjórðungssambandsins. Önnur fjallar um samgöngumál og hvar við teljum að þurfi aukið fé til vegamála. Einnig er lögð áhersla á að jarðgangnaáætlun fái meira svigrúm í samgönguáætlun og að Vestfirðingar eigi ekki að þurfa bíða í 15 ár eftir næstu jarðgöngum. Jafnframt er farið inn á mikilvægi flugsamgangna fyrir fjórðunginn og minnst á Hringveg 2, sem er einstaklega spennandi verkefni og felast þar ótal tækifæri. Í hinni ályktuninni er fjallað um raforkumál á Vestfjörðum og hvatt til að hafin verði vinna við langtímaorkustefnu fyrir Ísland. Það er alveg ljóst að orkuþörf verður meiri á Vestfjörðum í mjög náinni framtíð og við fögnum því að til standi að auka raforkuframleiðslu á svæðinu. Nýr tengipunktur raforku í Ísafjarðardjúpi er komin á framkvæmdaráætlun og er ástæða til að gleðjast yfir þeim áfanga.

Á haustþinginu situr í fyrsta skiptið, allavega sem starfsmaður, Guðrún Anna Finnbogadóttir sem ráðinn var til Vestfjarðastofu sem verkefnastjóri. Mun hún aðallega sjá um mál tengd sjávarútvegi og fiskeldi og má með sönnu segja að hún byrjar af eftirtektarverðum krafti. Þýð ég hana hjartanlega velkomna til starfa. Kærar þakkir til okkar metnaðarfulla starfsfólks Vestfjarðastofu fyrir að halda utan um haustþingið.

Síðast en ekki síst vil ég þakka Ingibjörgu Benediktsdóttur, sem nýlega fór úr stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, fyrir mikilvæg og kraftmikil störf í þágu Vestfirðinga. Ég vona að við munum eiga gagnleg samtöl og vinna vel að því að efla Vestfirði. Til þess er nú leikurinn gerður.

4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Haldið 25. og 26. október 2019

Félagsheimilinu Hólmavík

Þingskjal nr. 5

A)

Fjórðungssamband Vestfirðinga - fjárhagsáætlun 2020		
Rekstrartekjur		
Styrkir og framlög	Áætlun 2020	Áætlun 2019
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	34.000.000	34.000.000
Árstillag sveitarfélaga til FV	37.400.000	37.400.000
Ferðamálastofa - fast framlag	16.400.000	16.400.000
Byggðastofun	42.000.000	42.693.000
Sóknaráætlun Vestfjarða	97.700.000	107.600.000
Framlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga		7.500.000
Verkefnatengdar tekjur		
Jöfnunarsjóður - Sóknaráætlun / þróun	5.300.000	10.900.000
Framlög almenningsamgna		48.000.000
Þróun almenningsamgangna		
Ferðamálastofa - sérverkefni		
Árgjald Markaðsstofu		
Árgjald Earth Check	400.000	400.000
Ónotaðir styrkir fyrra árs		43.580.000
Ónotaðir styrkir færðir til næsta árs		
Styrkir vegna Byggðaáætlunar	15.000.000	
Sértekjur		
Endurgreiddur útlagður kostnaður		
Aðrar tekjur		
Verkefnaframlög ráðuneyta		16.000.000
Samtals	248.200.000	364.473.000
Rekstrarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld		
Stjórn og nefndir	1.000.000	1.200.000
Aðkeypt ráðgjöf og þjónusta		
Annar skrifstofukostnaður		
Greiddir styrkir og áhersluverkefni	87.700.000	147.575.000
Kostnaður vegna sérverkefna		
Framlög til Vestfjarðastofu	158.800.000	148.700.000
Almenningsamgöngur		54.400.000
Annar kostnaður		
Endurskoðun og bókhald	500.000	500.000
Lífeyrisskuldbindingar	7.500.000	7.500.000
Samtals	255.500.000	359.875.000
Hagnaður (tap)	(7.300.000)	4.598.000
	Framlög til VFS	

B)

Tekjur		Rekstur skrifstofu	Sóknaráætlun	Atvinnuþróun	Byggðapróun	Menningarmál	Markaðsmál
FV - VFS vegna reksturs skrifstofu (Jöfnunarsjó)	33.000.000	33.000.000					
FV-VFS vegna Sóknaráætlunar							
Vegna reksturs	9.700.000		9.700.000				
Vegna áhersluverkefna	33.000.000		5.000.000	10.000.000	5.000.000		13.000.000
FV-VFS vegna reksturs skrifstofu - Sveitarfél	37.400.000	10.200.000		6.500.000	4.000.000	9.900.000	6.800.000
FV-VFS vegna framlags Ferðamálastofu	16.400.000						16.400.000
FV-VFS vegna þróunar sóknaráætlunar - Jöfn	5.300.000		5.300.000				
FV-VFS framlög vegna byggðaaætlunar	15.000.000			15.000.000			
FV - VFS Framlag Byggðast. til atvinnuþróunar	42.000.000			42.000.000			
Sértekjur vegna bókhalds	6.520.000	6.520.000					
Brothættar byggðir	10.200.000				10.200.000		
Styrkir vegna Broth byggða - til úthlutunar					-		
Framlög Ferðamálastofu	10.375.000						10.375.000
Ónotaðir styrkir færðir milli ára	8.000.000				8.000.000		
Áhersluverkefni færð milli ára	5.000.000			5.000.000			
Árgjöld fyrirtækja	4.000.000			2.000.000			2.000.000
Samtals tekjur	235.895.000	49.720.000	20.000.000	80.500.000	27.200.000	9.900.000	48.575.000
Laun og launatengd gjöld							
Laun og launatengd gjöld	134.500.000	22.416.667	14.570.833	44.833.333	17.036.667	7.621.667	28.020.833
Stjórn og nefndir	8.500.000	8.500.000					
	143.000.000	30.916.667	14.570.833	44.833.333	17.036.667	7.621.667	28.020.833
Skrifstofukostnaður							
Húsnæðiskostnaður	8.810.000	1.468.333	954.417	2.936.667	1.115.933	499.233	1.835.417
Tryggingar, húsnæðis og starfsmanna	450.000	75.000	48.750	150.000	57.000	25.500	93.750
Aðkeyptir verktakar	10.000.000	2.000.000		4.000.000			4.000.000
Ritföng og pappír	630.000	105.000	68.250	210.000	79.800	35.700	131.250
Flutningur og póstsendingar	300.000	50.000	32.500	100.000	38.000	17.000	62.500
Þjónustugjöld	510.000	85.000	55.250	170.000	64.600	28.900	106.250
Sími og internet	800.000	133.333	86.667	266.667	101.333	45.333	166.667
Kaup á hugbúnaði og tækjum	1.500.000	250.000	162.500	500.000	190.000	85.000	312.500
Viðhald á hugbúnaði og tækjum	1.550.000	258.333	167.917	516.667	196.333	87.833	322.917
Auglýsingar	2.000.000	333.333	333.334	666.667	253.333		416.667
Útgáfa, prentun bæklinga ofl.	2.500.000	1.000.000					1.500.000
Dreifing	500.000	150.000					350.000
Annar rekstur	450.000	75.000	48.750	150.000	57.000	25.500	93.750
	30.000.000	5.983.333	1.958.334	9.666.667	2.153.333	850.000	9.391.667
Kostnaður vegna sérverkefna							
Flug	3.500.000	437.500	291.667	1.166.667	437.500	291.667	875.000
Akstur	3.300.000	412.500	275.000	1.100.000	412.500	275.000	825.000
Fundir / ráðstefnur	4.500.000	562.500	375.000	1.500.000	562.500	375.000	1.125.000
Fjórðungsþing og málþing	3.000.000	3.000.000					
Heimasíða og samfélagsmiðlar	1.500.000	625.000	83.333	333.333	125.000	83.333	250.000
Árgjald Earthcheck	500.000				500.000		
Samstarf landshlutasamtaka	350.000	350.000					
Verkefnakostnaður	43.350.000	5.406.250	2.250.000	21.800.000	5.893.750		8.000.000
Endurskoðun	2.000.000	2.000.000					
	62.000.000	12.793.750	3.275.000	25.900.000	7.931.250	1.025.000	11.075.000
Hagnaður/(tap)	895.000	26.250	195.833	100.000	78.750	403.333	87.500

C)

Tillaga um árstíllag sveitarfélaga á Vestfirðum til FV / Vestfjarðastofu á árinu 2020

	Íbúar 1. jan 19	Árstíllag pr íbúa	Árleg heildarframlög sveitarfélaga	FV - Rekstur skrifstofu *	Framlag til markaðsstofu **	Framlag til menningarmála ***	Framlag til umhverfisvottunar****	Framlag til atvinnuþróunar	Mánaðarlegar greiðslur vegna byggða- og atvinnuþróunar	Mánaðarlegar greiðslur vegna Lífeyrisskuldbindinga *****
<i>Skípt samkvæmt íbúatölu 1. jan 2018 skv. gögnum Hagstofu 3. okt. 2018</i>				10.200.000	6.800.000	9.900.000	4.000.000	6.500.000	37.400.000	7.500.000
Árneshreppur	40	6.419,79	256.792	4.814	3.209	4.672	1.888	3.068	17.651	3.540
Bolungarvíkurkaupstaður	953	6.419,79	6.118.058	114.689	76.459	111.316	44.976	73.086	420.527	84.330
Ísafjarðarbær	3800	6.419,79	24.395.196	457.313	304.875	443.862	179.338	291.425	1.676.813	336.259
Kaldrananeshreppur	103	6.419,79	661.238	12.396	8.264	12.031	4.861	7.899	45.450	9.114
Reykhólahreppur	258	6.419,79	1.656.305	31.049	20.699	30.136	12.176	19.786	113.847	22.830
Strandabyggð	449	6.419,79	2.882.485	54.035	36.023	52.446	21.190	34.434	198.129	39.732
Súðavíkurhreppur	204	6.419,79	1.309.637	24.550	16.367	23.828	9.628	15.645	90.018	18.052
Tálknafjarðarhreppur	258	6.419,79	1.656.305	31.049	20.699	30.136	12.176	19.786	113.847	22.830
Vesturbyggð	998	6.419,79	6.406.949	120.105	80.070	116.572	47.100	76.537	440.384	88.312
	7063		45.342.965	850.000	566.667	825.000	333.333	541.667	3.116.667	625.000

* Samkvæmt samþykkt 2. haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga (heildarframlag er 17,7 mkr en frá því dragast 1 mkr vegna markaðssetningar ferðamála og 6,5 mkr framlag til atvinnuþróunar

** samkvæmt samþykkt 2. haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga og rennur til reksturs og markaðssetningar Vestfjarða sem áfangastaðar ferðamanna (5,8 mkr + 1 mkr)

*** Framlag til menningarmála byggir á samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 um að eitt af áhersluverkefnum tímabilsins verði í menningarmálum. Var áður framlag til Menningarráðs Vestfjarða sem var sameinað FV árið 2013

**** Vinna að umhverfisvottun sveitarfélaga, unnið af FV/Vestfjarðastofu fyrir sveitarfélögin. Árgjald sem nemur um 400 þ kr. á ári (AUD 3.770) er innheimt sérstaklega í október. Í tillögu sem liggur fyrir þinginu er lagt til að hækka framlag vegna vinnu að umhverfisvottun um 2 mkr á ári

***** Lagt er til að sveitarfélögin greiði sérstakt tímabundið framlag vegna lífeyrisskuldbindinga FV.

Skípt niður á mánuði samkvæmt samþykkt 62. Fjórðungsþings Vestfirðinga í samræmi við 8. gr. Samþykkt FV

Tillaga millipinganevndar um breytingar á samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

1. gr. Heiti og heimili

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

2. gr. Hlutverk

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Markmið sambandsins eru:

- að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við, snúa að byggðaðpróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirska vísu, eða vinna að hagsmunamálum Vestfjarða eftir því sem við á.

3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing er haldið í tvennu lagi á hverju ári, Fjórðungsþing að vori skal haldið í apríl eða maí og Fjórðungsþing að hausti í september eða október.

Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmætt ef löglega er til

Þess boðað. Fjórðungsþing Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungsþings, aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Aukaþing skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukaðings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukaðing haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðaréttur

Fulltrúar á Fjórðungsþingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra.

Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa, skal hann tilkynna það í sveitarstjórn og afhenda viðkomandi undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar, sem leggja þarf fram við komu á Fjórðungsþing.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á haustþingi. Kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara. Kjörtímabil stjórnar eru 24 mánuðir, kosið skal í stjórn á kosningarári sveitarstjórna og aftur að tveimur árum liðnum. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsþing formann stjórnar, en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrir en að jafnlöngum tíma liðnum. Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða missir kjörgengi, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsþing ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

6. gr. Ársreikningur

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

7. gr. Árstíllag sveitarfélaganna

Ákvörðunum um árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins er tekin á haustþingi. Árstíllagið skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags og skal miðað við íbúafjölda 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

8. gr. Fjórðungsþing að vori

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi að vori, ár hvert.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing endurskoðaða og áritaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði ársreikningarnir og endurskoðuð fjárhagsáætlun skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 15 dögum fyrir Fjórðungsþing.

Á dagskrá Fjórðungsþings að vori skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Önnur mál löglega fram borin.
6. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

9. gr. Fjórðungsþing að hausti

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi að hausti ár hvert. Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði fjárhagsáætlun næsta árs og endurskoðuð fjárhagsáætlunin líðandi árs skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 15 dögum fyrir Fjórðungsþing.

Haustþingið skal ræða helstu hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfirðum og getur ályktað um þau mál sem borin eru þar upp og ræður afl atkvæða niðurstöðu máls.

Á dagskrá Fjórðungsþings að hausti skulu vera þessi mál;

1. Ávarp formanns FV.

2. Skýrsla formanns Samgöngu og fjarskiptanefndar.
3. Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða.
4. Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum.
5. Laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
6. Ákvörðun um árstíllag sveitarfélaganna á næsta starfsári.
7. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsárs.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
9. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns
10. Kosning í fastanefndir
11. Breytingar á samþykktum FV.
12. Önnur mál löglega fram borin.

10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti og Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Á Fjórðungspingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.
- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórnar á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum
- Kjörrið skal í tvö fagrað sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagrað menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagrað atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjú fulltrúar hvors fagraðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.

Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsping kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsvettvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

11. gr. Kostnaður

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundahöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af sambandinu. Þóknarir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungsþingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa á Fjórðungsþingum.

12. gr. Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa heldur utan um rekstur FV samkvæmt samningi. Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu er jafnframt framkvæmdastjóri FV og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum. Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni framkvæmdastjóra fyrir FV, skal vera hluti af ráðningarsamningi Vestfjarðastofu við hann.

13. gr. Framkvæmd verkefna

Stjórn Vestfjarðastofu og þar með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, ræður framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu Vestfjarðastofu forstöðu og hefur á hendi fjármálastjórn fyrir Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandið.

Framkvæmdastjóri og sviðstjórar eiga seturétt á Fjórðungsþingi jafnt að vori sem á hausti, sem og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Framkvæmdastjóri skal leggja fram starfsskýrslu á Fjórðungsþingi að vori.

Stjórn FV skal gera skriflegan samning við stjórn Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefna fyrir hönd FV. Þar sem öll stjórn FV er í stjórn Vestfjarðastofu, skal varaformaður FV velja tvo aðra stjórnarmenn með sér til að gæta hagsmuna FV í tvíhliðasamningum við Vestfjarðastofu.

14. gr. Um aðild og úrsögn

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar sambandsins eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsþing og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild og ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykka aðild skal greiða fyrir eignarhlut sinn í sambandinu í hlutfalli við íbúafjölda, miðað við 1. janúar. Miða skal við hreina eign sambandsins, miðað við síðustu áramót.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í sambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en átta vikum fyrir Fjórðungsþing að vori og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í sambandinu. Greiðsla til

sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

Verði breyting á sveitarfélagamörkum og nöfnum sveitarfélaga með sameiningu sveitarfélaga halda hin sameinuðu sveitarfélög aðild að FV án sérstaks uppgjors eða meðhöndlunar sem um úrsögn væri að ræða.

15. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má samþykktum þessum á Fjórðungsþingi og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

16. gr. Slit

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema á kosningaári og þá aðeins að löglega boðuð Fjórðungsþing að vori og að hausti, samþykki það með 2/3 hluta atkvæða á báðum þingum. Þingin skulu haldin á hefðbundnum tíma árs og með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

Þannig samþykkt á 4. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga 26. október 2019.

Þingsköp fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

1. gr.

Ársþingið heitir Fjórðungsþing Vestfirðinga.

2. gr.

Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins í tvennu lagi að vori og hausti. Við lok vorþings er þingi frestað til haust og við lok haustþings er þingi slitið.

3. gr.

Formaður stjórnar sambandsins, eða annar í umboði hans, setur þingið og gengst fyrir kosningu þingforseta. Lætur forseti því næst kjósa varaforseta og ritara, einn eða fleiri, og rita þeir þinggerð í tölvu. Heimilt er þingforsetum að ráða utanþingsskrifara til aðstoðar ritara. Heimilt er að senda út og hljóðrita ræður þeirra sem til máls taka á þingfundum.

4. gr.

Þingfulltrúar skrá sig við upphaf þingsins.

5. gr.

Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna. Þingforsetar ráða röð málanna á dagskránni.

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd, fjármálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hverrar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og vara- endurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

7. gr.

Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á fundum. Mál er fallið ef atkvæði eru jöfn.

8. gr.

Tvær umræður skulu fara fram um hvert mál, þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef fundurinn samþykkir. Við lok fyrri umræðu skal málum vísað til nefnda. Eftir umfjöllun nefnda skal mál tekið til annarrar umræðu og afgreiðslu þings.

9. gr.

Hver þingfulltrúi hefur leyfi til að koma með breytingar- eða viðaukatillögur, bæði við aðaltillögur og breytingartillögur. Breytingartillögur hafa forgangsrétt við atkvæðagreiðslur. Allar tillögur skal afhenda forseta skriflega, undirritaðar af tillögumanni, áður en til atkvæða er gengið.

10. gr.

Máli má víkja frá umræðu með rökstuddri dagskrá og skal hún borin undir atkvæði þingfundar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli, ef þess er krafist, eða ef hún er óljós að dómi forseta. Sé óskað skriflegrar atkvæðagreiðslu, skal hún fara fram og skal stjórnin hafa tiltæka atkvæðaseðla miðað við atkvæði hvers þingfulltrúa.

12. gr.

Þegar forseti vill taka þátt í umræðum vikur hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

13. gr.

Fulltrúar skulu taka til máls standandi frá sætum sínum eða í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í réttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

14. gr.

Enginn fulltrúi má taka oftari til máls en þrisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli, en þó skulu flutningsmenn máls og framsögumenn meiri- og minnihluta nefnda hafa rétt til að taka oftari til máls.

15. gr.

Forseta skal skylt að bera undir atkvæði hvort umræðum skuli hætt, ef fimm fulltrúar æskja þess skriflega.

16. gr.

Forseti sér um að góð regla sé á fundum og hefur rétt til að víta framkomu fulltrúanna í orðum og háttum. Sé fulltrúi mjög ókurteis í orðum hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið við þá umræðu. Skyldir skulu fulltrúarnir til að aðstoða forseta í að halda góðri reglu.

17. gr.

Þingfundir skulu öllum opnir á meðan húsrúm leyfir án málfrelsis og tillöguréttar. Heimilt er að halda lokaðan þingfund ef meirihluti þingfulltrúa samþykkir.

18. gr.

Þingsköpum þessum má breyta og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

Þannig samþykkt á 4. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga 26. október 2019.

Ályktun um raforkumál

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 ályktar eftirfarandi:

Með vísan í meginmarkmið Fjórðungssambands Vestfirðinga um að vinna að því að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.

Jafnframt með vísan í stefnu stjórnvalda sem mörkuð var með þingsályktun um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148 að allir þéttbýlisstaðir verði tengdir N-1 tengingu sem tryggir raforkuflutninga.

Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur til þess að hafin sé vinna við mótun langtímaorkustefnu fyrir Ísland, en stefnuleysi stendur þróun á Vestfjörðum fyrir þrifum.

Staðfest er að aukin eftirspurn verður eftir orku á Vestfjörðum vegna fjölbreyttrar starfsemi, svo sem kalkþörungavinnslu, fiskeldis, ferðaþjónustu og fjölgunar íbúa samhliða auknum umsvifum í atvinnulífi. Slík uppbygging er háð því að afhendingaröryggi og aðgangur að aukinni orku sé fyrir hendi. Haustþing fagnar því áformum um aukna raforkuframleiðslu á Vestfjörðum með sjálfbærri nýtingu vatns og vinds.

Haustþing fagnar því að nýr tengipunktur¹ raforku í Ísafjarðardjúpi sé komin á framkvæmdaáætlun Landsnets. Hér hefur verið komið í farveg baráttumáli Vestfirðinga um hringtengingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum eða svokölluð N-1 tenging. Bein áhrif þessa verkefnis verða úrbætur á afhendingaröryggi raforku á norðanverðum Vestfjörðum og Ströndum með nýjum flutningslínnum, en óbeint inn á sunnanverða Vestfirði með aukinni flutningsgetu. Því þarf samhliða að auka raforkuöryggi á sunnanverðum Vestfjörðum samkvæmt tillögu í langtímaáætlun Landsnets um uppbyggingu flutningskerfis með raflínnum og sæstrengjum. Haustþing hvetur til þess að afhendingaröryggi á sunnanverðum Vestfjörðum verði forgangsmál á næstu árum og að tekin verði ákvörðum um leiðir til úrbóta sem fyrst.

Orkuskipti í samgöngum hvort sem er á legi eða láði eru að eiga sér stað um allt land og skiptir miklu máli fyrir samkeppnisstöðu svæðisins. Orkuskiptin eru einnig mikilvægur þáttur í að viðhalda hreinleika svæðisins og skiptir máli að uppbygging hleðslustöðva fyrir bíla og skipatengla í höfnum á Vestfjörðum verði sem hröðust.

Samræma þarf uppbyggingu vegna orkuskipta og eflingu flutnings- og dreifikerfi raforku. Orkubú Vestfjarða þarf með sama hætti og Rarik að fá sértæka fjármuni til að flýta

¹ <https://www.landsnet.is/verkefni/allar-framkvaemdir/isafjardardjup-nyr-afhendingarstadur/>

framkvæmdum. Orkubúið er minnsta orkufyrirtæki ríkisins en er jafnframt með dreifbýlasta og veðurfarslega erfiðasta dreifingarkerfi landsins. Starfsvæði Rarik er vissulega mikilvægt en það vekur athygli að starfsemi Orkubúsins eða framlag til uppbyggingar eru ekki nefnd í fjárlagafrumvarpi 2020."

Flutningsmaður: Hafdís Gunnarsdóttir

Vísast til fjórðungsmálanefnd

Ályktun um samgöngumál

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 tekur undir meginmarkmið í drögum að Samgönguáætlun 2020-2034 og tengingu þeirra við sveitarstjórnarmál².

Til að ná fram meginmarkmiðum fyrir vestfirsk samfélög þarf hinsvegar aukið fjármagn til samgönguáætlunar.

Vegaáætlun.

Dýrafjarðargöng. Verkefninu líkur á árinu 2020 og þar með er stærstu hindrun rutt úr vegi að koma á viðunandi heilsárssamgöngum á milli sunnan og norðanverðra Vestfjarða. Áhrif þessa á atvinnulíf og samfélög verða víðtæk sérstaklega á nýjar atvinnugreinar s.s. laxeldi og fyrir ferðapjónustuna með verkefninu Hringvegi 2.

Dynjandaheiði - Nýframkvæmd. Mikilvægt að aukið er við fjármagn til að ljúka megi verkefninu á fyrsta áætlunartímabilinu 2020-2024, en gerð er krafa um að stytta verk tíma í stað þess að dreifa honum á fimm ár.

Bíldudalsvegur - Nýframkvæmd. Mikilvægt að nú er lagt til að aukið verði við fjármagn til þess að vinna verkefnið á öðru framkvæmdatímabili, 2025 til 2029. Tímarammi verkefnisins er hinsvegar ekki í takt við uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum. Verkefnið þarf því að komast inn á fyrsta tímabil samgönguáætlunar og nýta hagræði skipta vinnu eftir árstíðum á móti nýframkvæmdum á Dynjandaheiði

Innstrandavegur – Nýframkvæmd. Mikilvægt er að vegkaflinn er nú kominn á samgönguáætlun að nýju, enda er hann hluti af vegi fyrir þjónustusókn íbúa Strandabyggðar. Sú ákvörðun um að taka veginn af samgönguáætlun var í raun forkastanlegt og það er því réttmæt krafa að framkvæmdin verði sett á fyrsta tímabil samgönguáætlunar. Samtímis þarf að tryggja að fjármagn verði sett á annað tímabil samgönguáætlunar og vegurinn verði lagður bundnu slitlagi í lok þess tímabils m.a. sem hluta af verkefninu Hringvegi 2.

Veiðileysuháls. Tillaga um að færa verkefnið af fyrsta tímabil á annað tímabil er fullkomlega forkastanleg. Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2023 átti að vinna verkefnið á árinu 2022, þeirri tillögu var harðlega mótmælt m.t.t. stöðu samfélagsins í

² Meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum eru að:

- Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.
- Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt.

Árneshreppi og markmiðum verkefnisins Áfram Árneshreppur. Með nýrri tillögu eru stjórnvöld í raun að senda þau skilaboð að leggja beri niður samfélagið í Árneshreppi.

Jarðgangaáætlun. Það mikilvægt að sérstök jarðgangaáætlun er nú sett fram sem hluti af Samgönguáætlun og jarðgangaverkefni verði eftirleiðis samfelld á öllu áætlunartímabilinu. Fyrir Vestfirði er mikilsvert er að Álftafjarðargöng eru tilgreind en það eru mikil vonbrigði að eingöngu á að vinna að verkefnum á áætlunartímabilinu á Mið Austurlandi. Að óbreyttu mun því liða hátt í 15 ár þar til jarðgöng kæmu næst til athugunar á Vestfjörðum. Í jarðgangaáætlun þarf að setja inn eftirfarandi framkvæmdir:

- Jarðgöng undir Hálfán og Mikladal
- Breikka Vestfjarðagöng
- Jarðgöng milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar

Það eru hinsvegar vonbrigði hve lítið rými jarðgangaáætlun fær í heildarskjalinu og er í raun upptalning á jarðgangakostum sem komið hafa inn í umræðuna með mismunandi hætti en ekki eftir heildstætt mat. Í annan stað að jarðgangagerð á áætlunartímabilinu verða í samfelldri framkvæmd, jarðgöng á Mið - Austurlandi.

Hér um að ræða óviðandi stöðu því samgöngukerfi á Vestfjörðum þurfa að mæta fyrirsjáanlegum vexti í atvinnulífi s.s. fiskeldi og ferðapjónustu auk fjölgunar íbúa. Fjallvegir sem tenging á milli byggðarlaga innan atvinnusvæða eru í þeim efnunum, fortíðarlausn.

Skorað er því á stjórnvöld að vinna að heildstæðri jarðgangaáætlun til næstu 45 ára og leggja fram í þingsályktun sem viðauka við Samgönguáætlun, eigi síðar en á haustþingi 2020. Þar verði jarðgangaframkvæmdum forgangsraðað og fjármögnunarleiðir útlistaðar.

Hafnarmál.

Vaxandi umsvif í höfnum á Vestfjörðum vegna fiskeldis, sjávarútvegs, móttaka skemmtiferðaskipa og nýting kalkþörungs, kalla á aukið fjármagn og flýtingu framkvæmda. Að nokkru leyti er um sjálfbær verkefni að ræða, en hraður vöxtur sem kallar á mikla uppbyggingu á skömmum tíma er hafnarsjóðum ofviða og þar þarf að grípa til aðgerða. Dæmi hér um, er staða mála Bíldudalshafnar vegna uppbyggingu laxeldis og vinnslu kalkþörungs.

Flugmál.

Mótmælt er að ekki er gerð nein tillaga um að bregðast við ófremdarástand varðandi viðhald áætlunarflugvalla á Vestfjörðum. Ítrekuð er krafa vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs. Þess er krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflygvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægt er að áætlunarflug sé raunverulegur valkostur fyrir ferðir íbúa og mikilvægt að lagt er til í Samgönguáætlun að niðurgreiða flugfargjöld. Auk þess þarf að auka fjármagn til niðurgreiðslu áætlunarflugs og gert kleyft að flogið verði til Bíldudals daglega og að minnsta kosti einu sinni í viku verði tvö flug.

Almenningssamgöngur

Lýst er áhyggjum af innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðis. Stjórnvöld hafa sett fram áhugaverða stefnu um eflingu almenningssamgangna innan atvinnusvæða og þjónustusókn á milli landshluta en framlög til málaflokksins samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun verða lækkuð á næstu árum.

Þess er krafist að framlög til reksturs almenningssamgangna á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga verði hækkuð verulega til að tryggja, í samvinnu við sveitarfélög, að almenningssamgöngur innan vinnusóknarsvæða verði með nægri tíðni ferða til að nýtast sem raunhæfur valkostur fyrir íbúa og gesti.

Vegaþjónusta.

Lýst er áhyggjum að framlög til vegapjónustu eru ekki að mæta aukinni umferð og ekki er mætt uppsöfnuðum halla á vetrarþjónustu í frumvarp til fjárlaga 2020. Augljóst er að ekki er hægt að reka málaflokkinn með þessum hætti og mæta ekki vaxandi þörf í takt við aukna eftirspurn.

Hækka þarf framlag til að auka vetrarþjónustu við Árneshrepp, þ.e. taka veginn úr G flokki og tryggja landsamgöngur allt árið, í stað þess að loka íbúa af í allt að 3 mánuði á ári. Ekkert annað samfélag á Íslandi býr við slíkar aðstæður og áætlunarflug með fólk og frakt svarar engan veginn þörfum samfélagsins.

Gjaldtaka.

Mótmælt er hugmyndum um gjaldtöku í jarðgöngum. Jarðgöng á Íslandi, að undantekningu Hvalfjarðargöng, hafa verið sett í framkvæmd til að leysa af hættulega fjallvegi og hlíðar. Þannig hefur verið komið á jafnræði íbúa landsins með því að byggja upp öruggar heilsárssamgöngur milli sveitarfélaga og milli byggðarlaga innan sveitarfélaga og síðan tengingu við aðra hluta landsins.

Eigi yfir höfuð að ræða gjaldtöku, þá má á sama hátt horfa á gjaldtöku á mislæg gatnamót, umferðarbrýr, umferðastokka og brýr yfir ár og fljót sem ígildi „ganga“ til að koma umferð í gegnum.

Annað.

Nýr hringvegur fyrir Ísland og ferðaþjónustu á Íslandi, Hringvegur 2 eða Vestfjarðahringur, alls 1000 km sem liggur um Dali, Vestfirði og Hrútafjörð, með mikla fjölbreytni náttúru, menningar og afþreyingar.

Flutningsmaður: Iða Marsibil Jónsdóttir

Vísast til fjórðungsmálanefndar

Ályktun um aukið samstarf

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019, hvetur sveitarstjórnarfólk á Vestfjörðum til að vinna að auknu samstarfi sveitarfélaganna og leggja sig fram við að viðhalda samstöðu þar á milli. Með því að snúa bökum saman verða sveitarfélögin betur í stakk búin til að auka gæði þjónustu sem þau veita og styðja við uppbyggingu öflugs atvinnulífs. Þar erum við að hefja stórsókn og er gott samstarf lykillinn að árangri. Það er skylda okkar sveitarstjórnarfólks að vera stanslaust vakandi fyrir leiðum til að vinna betur saman, með þjónustu íbúa að leiðarljósi.

Flutningsmaður: Arna Lára Jónsdóttir

Vísast til fjórðungsmálanefnd

Ályktun um uppfærða heildaráætlun jarðgangagerð á Vestfjörðum.

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggur til að farið verði í að vinna uppfærða heildaráætlun um jarðgangnagerð á Vestfjörðum. Í áætluninni verði metnir helstu jarðgangnakostir á Vestfjörðum og þeim forgangsraðað með tilliti til atvinnusóknarsvæða, verðmætasköpunar, sameiningu sveitarfélaga, þjónustu og samfélagslegra áhrifa. Horft verði sérstaklega til bættra samgangna með jarðgöngum innan sameinaðra sveitarfélaga, svo sem á sunnanverðum Vestfjörðum, undir Hálfván, Mikladal og Kleifaheiði. Slík jarðgangnaáætlun yrði mikilvægt gagn fyrir baráttu Vestfirðinga fyrir nútímasamgöngum og nauðsynlegt innlegg í jarðgangnaáætlun ríkisins sem nú er til endurskoðunar.

Flutningsmaður: Iða Marsibil Jónsdóttir

Vísast til fjórðungsmálanefndar

Greinargerð

Í skýrslu samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá árinu 2008 var það sett sem markmið að árið 2008 yrði upphafsár samhangandi verkefna í jarðgangagerð á Vestfjörðum og að lágmarki verði framkvæmdir við ein jarðgöng á Vestfjörðum. Þá sagði enn fremur: „Mikilvægt er í þessum efnum að auka nú þegar fé til Vegagerðarinnar til rannsókna varðandi alla mögulega jarðgangakosti, til að skapa heildarsýn varðandi jarðgangnaáætlun á Vestfjörðum. Jarðgöng undir Dynjandisheiði komi þar fyrst til skoðunar, en gerð verði í framhaldinu heildaráætlun um jarðgangagerð á Vestfjörðum þar sem lagðar eru til grundvallar forsendur um þróun samfélags, atvinnulífs, innviði Vestfjarða og öryggi vegfarenda s.s. gagnvart ofanflóðum.“ Hefur markmið þetta haldist nokkuð vel síðan það var sett fram, en síðan skýrslan kom út hafa Óshlíðargöng og núna Dýrafjarðagögn orðið að veruleika og eru Súðavíkurgögn næst í röðinni samkvæmt drögum að samgönguáætlun 2020-2033. Bæjarráð Vesturbyggðar telur nauðsynlegt að uppfærð verði heildstæð jarðgangnaáætlun fyrir Vestfirði. Horft verði sérstaklega til bættra samgangna með jarðgöngum milli sveitarfélaga sem og innan þeirra, svo sem á sunnanverðum Vestfjörðum, undir Hálfván, Mikladal og Kleifaheiði. Þá verði horft til þess í áætluninni með hvaða móti auknar samgöngur með jarðgöngum geti auðveldað frekari sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum, svo sem með tvöföldun Breiðadals- og Botnsheiðargangna eða með jarðgöngum undir Klettsháls.

Ályktun um bætтар samgöngur

4.haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019, skorar á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra, Vegagerðina, Skipulagsstofnun og aðra sem koma að undirbúningi bættra samgangna um Vestfjarðaveg (60) um Bíldudalsveg og Dynjandisheiði (63), að þeirri vinnu verði flýtt, þar sem opnun Dýrafjarðagangna verður að öllu óbreyttu í september 2020.

Flutningsmaður: Iða Marsibil Jónsdóttir

Vísast til fjórðungsmálanefndar

Greinargerð

Samkvæmt drögum að samgönguáætlun 2020-2033, er gert ráð fyrir fjárframlögum til bættra samgangna um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg. Undirbúningur málsins hefur staðið yfir í nokkur ár og voru drög að tillögu að matsáætlun fyrir Vestfjarðaveg (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði auglýst í júlí 2017. Í september 2018 lá fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsáætlun. Í kjölfarið vann Vegagerðin drög að frummatsskýrslu sem hefur verið til skoðunar hjá Skipulagsstofnun. Vegagerðin vinnur nú úr athugasemdum Skipulagsstofnunar og verða drögin birt innan nokkurra vikna skv. upplýsingum frá Vegagerðinni. Frummatsskýrslan átti að liggja fyrir í mars 2019, stuttu eftir að síðasta haftið var sprengt í Dýrafjarðagöngum, svo nokkrar tafir hafa orðið á meðferð málsins.

Gríðarlegir þungaflutningar fara um Bíldudalsveg og Dynjandisheiði (63) stóran hluta ársins. Á næsta ári er gert ráð fyrir að verðmæti fyrir rúmlega 7,5 ma. kr. fari um þennan vegkafla í 1.000 ferðum flutningabifreiða. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að verðmætin verði rúmlega 8,8 ma. kr. og ferðirnar 1.200 talsins og á árinu 2022 verði verðmætin rúmlega 10,4 ma. kr. og ferðirnar um 1.400 talsins. Það er því mikilvægt að bætтар verði samgöngur á þessum vegakafla. Þá er einnig mikilvægt að Dýrafjarðagöng sem kosta íslenska ríkið rúmlega 7 m.a. kr. nýtist allt árið um kring, auki samgöngur milli norður fjarða og suður fjarða Vestfjarða og því nauðsynlegt að samgöngubótum um Bíldudalsveg og Dynjandisheiði verði lokið sem allra fyrst.

Ályktun um sameiningar sveitarfélaga

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 bendir á að það er verkefni einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum að kanna vilja sinna íbúa til sameiningar. 4. Haustþingi leggur til að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga muni ekki leiða eða beita sér í málefnum um sameiningu sveitarfélaga skv. þingsályktun um „Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033“ og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.

Þá telur 4. Haustþing að ekki sé komið að þeim tímamótum, að unnt sé að horfa til heildstæðrar sameiningar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum, þar sem enn eru samgöngur innan svæða sem og á milli svæða óboðlegar.

Á árinu 2019 eru enn mörg svæði og byggðakjarnar innan Vestfjarða sem ekki er unnt að horfa á sem eitt atvinnusvæði allt árið um kring. Það er því nauðsynlegt að sveitarfélögin fái það svigrúm sem þingsályktunin gerir ráð fyrir til að ræða sín á milli um frekari sameiningar og samgönguúrbætur, áður en horft verði til sameiningar Vestfjarða í heild sinni.

Flutningsmaður: Iða Marsibil Jónsdóttir

Vísast til Allsherjarnefndar.

Ályktun um vinnuhóp

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggur til að stofnaður verði vinnuhópur til að kanna hug íbúa til þeirrar þjónustu sem þeir gera kröfu um að verði til staðar í hverju samfélagi á Vestfjörðum komi til sameiningar sveitarfélaga. Jafnframt verði hlutverk þessa starfshóps að kanna hvað ríkisvaldið er tilbúið til að leggja af mörkum verði af sameiningum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Forgangsatridi í því sambandi er aukin og bætt þjónusta við íbúa og fyrirtæki. Má þar nefna bættar samgöngur, öflugt heilbrigðiskerfi, skilvirk stjórnsýsla og aukin fjölbreytni í atvinnulífi fyrir alla íbúa.

Flutningsmaður: Lilja Magnúsdóttir.

Vísast til allsherjarnefndar.

Greinargerð

Í ljósi umræðu í tengslum við þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um sameiningu sveitarfélaga er ástæða til að horfa til vilja íbúa á Vestfjörðum hvaða ávinning þeir sjá af frekari sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum. Kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum ber skylda til að hafa hagsmuni íbúa að leiðarljósi í sínum störfum og sameiningu sveitarfélaga verður að vinna í nánú samstarfi við íbúa fjórðungsins. Markmið sameiningar á fyrst og fremst að vera einföldun stjórnsýslu, bætt þjónusta við íbúa og fyrirtæki á öllum sviðum og aukin skilvirkni stjórnsýslunnar. Jafnframt verður að gæta þess að kröfur um hagræðingu verði ekki til þess að skerða lýðræðisleg áhrif íbúa á samfélag sitt né draga úr þjónustu við íbúa og fyrirtæki. Í því sambandi má benda á vinnu Austfirðinga við undirbúning og umræður um sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austfjörðum þar sem verið er að leita leiða til að tryggja áhrif íbúa á stjórnsýsluna sem best.

Nauðsynlegt er að sveitarfélög á Vestfjörðum fái tækifæri til að ræða saman um sameiginlega hagsmuni, samstarf og/eða sameiningu á eigin forsendum íbúa og fyrirtækja en séu ekki þvinguð í sameiningu á grundvelli íbúatölu sem segir ekkert um möguleika sveitarfélags til að standa við skuldbindingar sínar. Brýnt er að nýta reynslu af fyrri sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum og annars staðar á landinu til að nýta okkur það sem vel hefur gengið og forðast að gera sömu mistök aftur sem kunna að hafa verið gerð í fyrri sameiningum. Jafnframt er nauðsyn að ríkisvaldið tryggi fjármagn til bættra samgangna sem tryggi greiðar samgöngur íbúa við nærsamfélög sín óháð sameiningarmöguleikum. Það sama á við tryggja heilbrigðisþjónustu, fjölgun starfa án staðsetningar og aukinn stuðningur við nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi. Leiðarljós vinnuhópsins á að vera hagsmunir Vestfirðinga til framtíðar.

Ályktun um lögþvingaðar sameiningar

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 hafnar alfarið hugmyndum um lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi og hvetur ráðamenn til að virða hagsmuni og sjálfsákvörðunarrétt í eigin málefnum. Sameining sveitarfélaga getur verið ákjósanleg og skynsamleg en slíkt verður að gerast á forsendum þeirra sem um ræðir.

Flutningsmaður: Jón Páll Hreinsson

Vísast til allsherjarnefndar.

Ályktun um skipun fastanefndar

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggur til að Fjórðungssambands Vestfirðinga skipi fjárhagsnefnd sem eina af fastanefndum sambandsins. Samhliða verði fjárhagsáætlun og greining fjárhagslegra upplýsinga Vestfjarðastofu færð til samræmis við sveitarfélög þar sem fjárhagsáætlun er deildarskipt og frávik frá fjárhagsáætlun eru skilgreind með viðaukum við fjárhagsáætlun á sama hátt og sveitarfélög.

Flutningsmaður: Jón Páll Hreinsson

Vísast til allsherjarnefndar

Greinargerð:

Tilgangur fjárhagsnefndar milli þinga væri m.a. að vinna með starfsfólki og stjórn Vestfjarðastofu að framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir haustþing sambandsins.

Ályktun um ársstillag

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggur til að ársstillag sveitarfélaga á Vestfjörðum til FV/Vestfjarðastofu á árinu 2020 verði 37,4 mkr. og að ekki verði greitt sérstakt 7,5mkr viðbótarframlag vegna lífeyrisskuldbindinga.

Flutningsmaður: Jón Páll Hreinsson

Vísast til fjárhagsnefndar.

Greinargerð:

Árið 2018 var tillag sveitarfélaga á Vestfjörðum til FV alls 35,4 mkr og innifalið í þeim greiðslum var 7,4 mkr greiðsla vegna lífeyrisskuldbindinga. Sama ár var 5 mkr afgangur af rekstri FV og eigið fé FV jákvætt um 45,6 mkr. Það er ljóst að framlög sveitarfélaganna til FV hafa hingað til náð yfir greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga og algjörlega óþarft að hækka ársstillagið um 7,5 mkr af þeim sökum. Nú þegar eru til nægir peningar hjá FV til að standa undir greiðslum af lífeyrisskuldbindingunni og engin þörf fyrir aukin framlög frá sveitarfélögum til FV vegna hennar.

Ályktun um niðurgreiðslu húshitunar kostnaðar

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir auknum niðurgreiðslum hituna kostnaðar með raforku, þannig að kostnaður þeirra er nota raforku til húshitunar verði ekki meiri en hjá notendum „meðaldýrra“ hitaveitna.

Flutningsmaður: Jón Páll Hreinsson

Vísast til fjórðungsmálanefndar.

Greinargerð:

Bókunin er samhliða bókun Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum sem samþykkt var á aðalfundi þess 4. október sl.

Ályktun um úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóð Vestfjarða

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 skorar á stjórn Vestfjarðastofu að skilgreina í úthlutunarreglum um Uppbyggingarsjóð, skiptingu milli úthlutaðra styrkja til annarsvegar menningarverkefna og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarverkefna þannig að hlutfallið verði jafnt í hvorn flokk. Samhliða breytingum á úthlutunarreglum mun Vestfjarðastofa hefja nýtt nýsköpunaráttak á Vestfjörðum með það að markmiði m.a. að fjölga umsóknum á atvinnu- og nýsköpunarverkefnum í uppbyggingarsjóð.

Flutningsmaður: Jón Páll Hreinsson

Vísast til allsherjarnefndar.

Greinargerð:

Mikilvægi nýsköpunar er sífellt að verða meira og meira áberandi í okkar samfélagi. Í nýlegri nýsköpunarstefnu stjórnvalda sem atvinnuvega og nýsköpunarráðherra kynnti á dögnum kemur fram að „*markmið hennar er að árið 2030 sé Ísland fjölbreytt samfélag velferðar, öryggis og jafnra tækifæra. Ísland verði í fremstu röð þegar borin eru saman lífsgæði og hamingja í löndum heims. Samfélag þar sem nýsköpun sé inngróin í menningu og efnahagslíf og kjörlendi til að setja á fót og starfrækja alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki. Samfélag þar sem virðing sé borin fyrir frumkvöðlum og skapandi einstaklingum í efnahagslífi og menningu og sé fyrirmynd annarra ríkja hvað varðar sjálfbæra þróun.*“

Án öflugrar nýsköpunar munu Vestfirðir ekki geta keppt við aðra landshluta og höfuðborgarsvæðið um að efla og styrkja samfélagið til lengri tíma.

Samkvæmt úthlutun síðustu þriggja ára hefur hlutfall atvinnu- og nýsköpunarverkefna í úthlutun Uppbyggingarsjóðs verið á bilinu 20-25%.

Ályktun um lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggst alfarið gegn lögþvingaðri sameiningu og þeirri aðferðafræði sem boðuð er til að knýja á um sameiningu minni sveitarfélaga.

Flutningsmaður: Bragi Þór Thoroddsen

Vísast til allsherjarnefndar

Greinargerð.

Súðavíkurreppur lýsir því hins vegar yfir að sveitarfélagið er tilbúið til viðræðna við öll þau sveitarfélög sem hyggja á sameiningu, með vísan til íbúamarks í þingsályktun um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga á yfirstandandi þingi.

Ályktun um sjúkraflug

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 skorar á stjórnvöld að grípa tafarlaust til aðgerða vegna sjúkraflugs á Vestfjörðum. Eins og staðan er í dag er aðeins ein sjúkravél sem sinnir öllu landinu og hefur Ríkisendurskoðun ítrekað bent á að viðbragðstími hennar hefur lengst fyrir Vestfirði á sl. árum. Á sama tíma hefur ríkisvaldið dregið úr sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á landsbygginni og þá hefur fjöldi sjúkrafluga aukist frá Vestfjörðum um 90% á sl. 5 árum.

Sérhæfð bráðapjónusta er fyrst og fremst veitt í Reykjavík og í slíkum tilfellum skiptir hver mínúta við sjúkraflutninga lífsspursmáli.

Ljóst er að núverandi fyrirkomulag sjúkraflugs er ekki nóg til að tryggja öryggi fólks á Vestfjörðum. Þurfa stjórnvöld að tryggja aðkomu Landhelgisgæslunnar að almennu sjúkraflugi og staðsetja sérútbúnað sjúkraþyrlur á landsbyggðinni, þar á meðal á Vestfjörðum. Svona stórt öryggismál á að vera sjálfsögð krafa íbúa og gesta á Vestfjörðum.

Flutningsmaður: Hafdís Gunnarsdóttir

Vísast til fjórðungsmálanefndar

Ályktun um vegaf framkvæmdir á Ströndum

4. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Hólmavík 25.-26. október 2019, beinir því til samgönguráðherra og Alþingis að tvö verkefni sem eru á tillögu að samgönguáætlun til fimmtán ára verði færð framár í forgangsröðina, í ljósi veikrar stöðu byggðar á Ströndum.

Þetta er annars vegar Innstrandavegur 68, Heydalsá - Þorpar, 4 kílómetrar við sunnanverðan Steingrímsfjörð, á helsta vinnusóknar- og skólaaksturssvæði Hólmavíkur. Þessu litla en mikilvæga verki hefur verið frestað margsinns síðustu 20 árin. Hins vegar er vegagerð á Standavegi 643, um Veidíleysuháls í Árneshreppi, lykilframkvæmd fyrir brothætta byggð.

Lagt er til að bæði þessi verkefni verði flutt á fyrsta tímabil og miðað við að framkvæmdir hefjist árið 2020.

Flutningsmaður: Jón Jónsson

Vísast til Fjórðungsmálanefndar

Greinargerð:

Bæði þessi verkefni voru á samgönguáætlun árin 2015-18 sem samþykkt var á Alþingi 12. október 2016 og áttu framkvæmdir að hefjast 2018. Í Innstrandaveg var þá 50 milljón króna fjárveiting og sömuleiðis var 200 milljón króna fjárveiting til að hefast handa við Veidíleysuháls sama ár. Árið 2018 leið án þess að nokkuð gerðist og síðan var allt svikið að venju.

Veidíleysuháls:

Um vegagerð um Veidíleysuháls er vísað til fyrirbyggjandi gagna frá Árneshreppi í ráðuneyti. Árneshreppur er skilgreindur sem brothætt byggð og slíkar hafa yfirleitt notið þess, þegar kemur að framkvæmdum í vegamálum. Þetta hefur t.d. verið áberandi síðustu ár með Borgarfjörð eystri og brothættar byggðir á norðausturhorni landsins. Það er fagnaðarefni. Þörfin er ekki minni í Árneshreppi.

Innstrandavegur:

Um Innstrandaveg er þörf á sérstakri greinargerð, þar sem þessum vegi og þörfinni á umbótum þar hefur ekki verið haldið fram af nægilegu kappi.

Innstrandavegur (nr. 68) er 100 km langur stofnvegur, en slíkir eru venjulega taldir mikilvegur hluti af grunnneti samgangna af yfirvöldum. Vegurinn liggur frá Hrutafjarðarbotni, rétt við Staðarskála, áleiðis til Hólmavíkur og tengist Djúpvegi (nr. 61) við bæinn Hrófá í Steingrímsfirði.

Umbætur á hluta af veginum hafa margoft verið á samgönguáætlun, bæði til lengri og skemmri tíma, án þess að þær hafi endilega komið til framkvæmda. Síðustu tvo áratugi hefur reglulega staðið til að ráðast í vegagerð á 4 km kafla milli bæjanna Þorpa og Heydalsár í sunnanverðum Steingrímsfirði. Þar er að hluta hættulegur vegur og einbreið brú og stundum ótrúlegt magn af holum. Þetta verkefni hafði t.d. fengið 50 millj. fjárveitingu á árinu 2018 í samgönguáætlun 2015-18 sem samþykkt var á alþingi 12. okt. 2016. Heimamenn biðu spenntir, en árið 2018 leið og hvarf í aldanna skaut, án þess að nokkuð gerðist.

Skólabörnum er ekið daglega eftir Innstrandavegi, annars vegar frá Bitrufirði til Hólmavíkur og hins vegar frá Bitrufirði að Hvammstanga. Einnig fer talsverð umferð um veginn daglega allt árið, mest er umferðin frá Broddadalsá í Kollafirði til Hólmavíkur, þar sem þetta svæði er langmikilvægasta vinnusóknarsvæðið á Hólmavík. Þegar ákvarðanir um vegagerð eru teknar eru þessi hugtök, skólaakstur og vinnusóknarsvæði, notuð til að ákveða forgangsröð framkvæmda. Það er ótækt að þessi mál skipti engu þegar kemur að stjórnvaldsákvörðunum um frestanir framkvæmda á Ströndum.

Teljari á umferðinni um Innstrandaveg er á Ennishálsi, sunnan við vinnusóknarsvæðið. Umferð á veginum þar fyrir norðan er því verulega vantalin og sveitarfélagið Strandabyggð hefur gert ítrekaðar athugasemdir við það, án árangurs. Þær lágu tölur sem fást úr teljaranum eru síðan notaðar til að réttlæta þjónustuskort og framkvæmdaleysi.

Á Innstrandavegi hafa orðið fjölmörg óhöpp og slys sem ratað hafa í opinber gögn, en einnig mörg óhöpp þar sem ekki verða slys á fólki og er ekki skráð í opinberar tölur. Nú síðast varð hörmulegt banaslys sumarið 2019 við hættulegar aðstæður við Hrófárbrúna, þar sem blindhæð er rétt við einbreiða brú. Ekkert hefur verið lagfært þar enn.

Fyrir utan nauðsynlegar og sjálfsagðar vegaframkvæmdir sem þarf að ráðast í á þessari leið, væri mikilvægt að gerð væri sérstök úttekt á öryggi vegfarenda.

Bundið slitlag er á 61 km á leiðinni um Innstrandaveg, en malarslitlag á 39 km. Malarvegirnir eru á þremur köflum. Malarkafli 4 km er á milli Þorpa og Heydalsár í Steingrímsfirði, 16 km frá Litla-Fjarðarhorni í Kollafirði að Bræðrabrekku í Bitrufirði, þar á meðal um Ennisháls, og 19 km í Hrutafirði milli Guðlaugsvíkur og Prestbakka.

Á Innstrandavegi eru 13 einbreiðar brýr. Margar þeirra eru sérstaklega varasamar vegna nálægðar við aðra hættu, svo sem erfiðar beygjur eða blindhæðir.

- Hrófá í Steingrímsfirði - byggð 1972, 36 metra löng, 4 metra breið. Hættuleg blindhæð mjög nálægt brúnni.
- Miðdalsá í Steingrímsfirði - byggð 1980, 22 metra löng, 4 metra breið.
- Heydalsá í Steingrímsfirði - byggð 1978, 10 metra löng, 4 metra breið. Á malarvegi.
- Fellsá í Kollafirði - byggð 1951, 14 metra löng, 3 metra breið. Á malarvegi. Varasöm beygja að brúnni norðanverðri.
- Þrúðardalsá í Kollafirði - byggð 1951, 10 metra löng, 3 metra breið. Á malarvegi.
- Broddaá í Kollafirði - byggð 1951, 11 metra löng, 3 metra breið. Á malarvegi. Blindhæð mjög nálægt brúnni og hættuleg beygja hins vegar við hæðina.
- Krossá í Bitrufirði - byggð 1950, 15 metra löng, 4,2 metra breið (breikkuð 1988). Varasöm beygja í aðkeyrslu að brúnni.
- Tunguá í Bitrufirði - byggð 1949, 34 metra löng, 3 metra breið. Varasöm beygja í aðkeyrslu að brúnni norðan megin.
- Þambá í Bitrufirði - byggð 1962, 24 metra löng, 3,2 metra breið. Varasöm beygja í aðkeyrslu að brúnni.
- Víkurá í Hrutafirði - byggð 1987, 20 metra löng, 4 metra breið.
- Hvalsá í Hrutafirði - byggð 1976, 24 metra löng, 4 metra breið. Á malarvegi.
- Prestbakkaá í Hrutafirði - byggð 1978, 27 metra löng, 4 metra breið. Varasöm beygja í aðkeyrslu að brúnni sunnanverðri.
- Laxá í Hrutafirði - byggð 1970, 24 metra löng, 4 metra breið. Varasamar brekkur niður að brúnni og blindhæðir uppi á hæðum beggja vegna.

Vegrið finnast ekki meðfram Innstrandavegi sem má kalla furðulegt. Á veginum út með norðanverðum Kollafirði eru verulega háskalegir staðir ef bílar lenda út af veginum, t.d. við Forvaðann og víðar. Aðstæður á mörgum öðrum stöðum á Innstrandavegi beinlínis hrópa á vegrið, s.s. á Ennishálsi, í Slitrunum í Bitru, á Stikuhálsi og Borgahálsi í Hrutafirði. Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur kallað eftir umbótum á þessu sviði á undanförunum árum, án árangurs.

Ályktun um Súðavíkurgöng

4. Haustþing Vestfirðinga skorar á samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að setja Súðavíkurgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar í Ísafjarðardjúpi á samgönguáætlun 2020–2034. Gert verði ráð fyrir göngunum í aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2020–2024 og þegar hafnar rannsóknir og undirbúningur að gerð ganganna.

Flutningsmaður: Arna Lára Jónsdóttir
Vísast til Fjórðungsmálanefnd

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setji Súðavíkurgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar í Ísafjarðardjúpi á samgönguáætlun 2020–2034 og að þegar verði hafnar rannsóknir og undirbúningur að gerð jarðganganna.

Drög að samgönguáætlun fyrir tímabilið 2020–2034 hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar en umsagnarfrestur er til og með 31. október 2019. Sú áætlun sem er til umsagnar nær til næstu 15 ára og er uppfærð og endurskoðuð á grunni þeirrar áætlunar sem samþykkt var á Alþingi síðasta vetur. Með drögum að samgönguáætlun eru einnig kynnt drög að uppfærðri aðgerðaáætlun til næstu fimm ára, 2020–2024, en þar virðist ekki gert ráð fyrir Súðavíkurgöngum.

Alþingi samþykkti 12. október 2016 þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015–2018 (145. löggjafarþing, 638. mál) þess efnis að veita skyldi fjármagn til að hefja undirbúning og rannsóknir á Súðavíkurgöngum árin 2017 og 2018 en það hefur ekkert gerst enn sem komið er.

Gerð Súðavíkurganga er afar brýn út frá byggðasjónarmiðum en ekki síður út frá öryggissjónarmiðum. Á Súðavíkurlíð eru skilgreindir 22 snjóflóðafarvegir og eru fjölmörg dæmi um snjóflóð og grjóthrun í hlíðinni. Vegagerðin og Snjóflóðasetur Veðurstofunnar fylgjast vel með öllu hættumerkjum og hafa gefið út viðvaranir og lokað hlíðinni ef svo ber undir. Árið 2018 féllu 61 flóð niður á veg samkvæmt talningu Vegagerðarinnar en bent skal á að fjölmargar viðvaranir og lokanir eru gefnar út á hverjum vetri til að hindra slys á fólki.

Yfir vetrarmánuðina er vegurinn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurlíð inn Djúp helsta samgönguæð íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Nokkrar úttektir hafa verið gerðar á síðustu árum um mögulegar úrbætur á leiðinni um Súðavíkurlíð. Hér er einkum vísað í „Greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur“ frá nóvember 2002 auk „Greinargerðar um mat á hættu vegna snjóflóða og grjóthruns á vegum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur“ (Veðurstofa Íslands, Harpa Grímsdóttir, janúar 2006).

Í niðurlagi síðarnefndu greinargerðarinnar kemur eftirfarandi fram: „Niðurstaða þessarar skýrslu er því sú að fyrir þá sem ferðast daglega um Óshlíð eða Súðavíkurlíð er

snjóflóða- og grjóthrunshættan nálægt því að tvöfalda árlegar dánarlíkur í umferðinni (miðað við meðaldánarlíkur Íslendinga í umferðinni). Það verður að teljast óviðunandi miðað við forsendurnar sem lýst er í kafla 1.5 um ásættanlega áhættu vegna ofanflóða og grjóthruns á vegi.“ Það má því fullyrða að vegur um Súðavíkurlíð er einn af hættulegustu þjóðvegum landsins, ef ekki sá hættulegasti.

Norðanverðir Vestfirðir eru eitt atvinnu- og búsetusvæði. Samkvæmt vinnusóknarkönnun sem Bygðastofnun lét gera árið 2017 sækja tæp 30% vinnandi fólks í Súðavík vinnu til Ísafjarðar. Þónokkur fyrirtæki eru með starfsemi í Súðavík og á öðrum þéttbýliskjörnum á norðanverðum Vestfjörðum. Íbúar Súðavíkur sækja flesta sína grunnþjónustu, til að mynda heilbrigðisþjónustu, til Ísafjarðar.

Líkt og farið hefur verið yfir hér að framan mundu Súðavíkurgöng, jarðgöng á milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar, fela í sér brýna samgöngubót fyrir bæði íbúa Súðavíkur og íbúa á norðanverðum Vestfjörðum, sem og aðra sem fara þar um. Það á ekki síst við yfir vetrartímam þegar vegurinn um Kirkjubólshlíð og Súðavíkurlíð inn Djúp er ein helsta samgönguleið vegfarenda.

Arna Lára Jónsdóttir

Ályktun um flokkun sorps

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 hvetur stjórnvöld landsins til að koma af krafti inn í málaflokk sorps, þannig að tryggja megi td. að flokkun sorps verði allstaðar sú sama á landinu.

Vinna þarf markvisst að því að draga úr umfangi sorps og nauðsynlegt er að komist verði út úr þeirri skammtímalausn sem felst í urðun sorps í því gríðarlega magni sem nú er. Nauðsynlegt er að allir landsmenn, jafnt í borg sem í sveit, komi af sömu virðingu fram við umhverfið og leggi sitt að mörkum við að draga úr losun sorps og bæti nýtingu á því hráefni sem sannarlega er vannýtt í sorpi.

Flutningsmaður: Sigurður Hreinsson

Vísast til fjórðungsmálanefndar

4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Þingskjal nr. 24 áður nr. 14 og 19

Haldið 25. og 26. október 2019
Félagsheimilinu Hólmavík

Ályktun um lögbvingaðar sameiningar

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggst alfarið gegn lögbvingaðri sameiningu og þeirri aðferðafræði sem boðuð er til að knýja á um sameiningu minni sveitarfélaga. Þingið hvetur ráðamenn til að virða hagsmuni og sjálfsákvörðunarrétt sveitafélaga í eigin málefnum. Sameining sveitarfélaga getur verið ákjósanleg og skynsamleg en slíkt verður að gerast á forsendum þeirra sem um ræðir.

Ályktun um vinnuhóp

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggur til að stofnaður verði vinnuhópur til að kanna hug íbúa til þeirrar þjónustu sem þeir gera kröfu um að verði til staðar í hverju samfélagi á Vestfjörðum. Forgangsattriði í því sambandi er aukin og bætt þjónusta við íbúa og fyrirtæki. Má þar nefna bættar samgöngur, öflugt heilbrigðiskerfi, skilvirk stjórnsýsla og aukin fjölbreytni í atvinnulífi fyrir alla íbúa.

Ályktun um sameiningar sveitarfélaga

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 bendir á að það er verkefni einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum að kanna vilja sinna íbúa til sameiningar.

4. Haustþing leggur til að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga muni ekki leiða eða beita sér í málefnum um sameiningu sveitarfélaga skv. þingsályktun um „Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033“ og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.

Þá telur 4. Haustþing að ekki sé komið að þeim tímamótum, að unnt sé að horfa til heildstæðrar sameiningar allra sveitarfélaga á Vestfjörðum, þar sem enn eru samgöngur innan svæða sem og á milli svæða óboðlegar.

Á árinu 2019 eru enn mörg svæði og byggðakjarnar innan Vestfjarða sem ekki er unnt að horfa á sem eitt atvinnusvæði allt árið um kring. Það er því nauðsynlegt að sveitarfélögin fái það svigrúm sem þingsályktunin gerir ráð fyrir til að ræða sín á milli um frekari sameiningar og samgönguúrbætur, áður en horft verði til sameiningar Vestfjarða í heild sinni.

Ályktun um sjúkraflug

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 skorar á stjórnvöld að grípa tafarlaust til aðgerða vegna sjúkraflugs á Vestfirðum. Eins og staðan er í dag er aðeins ein sjúkravél sem sinnir öllu landinu og hefur Ríkisendurskoðun ítrekað bent á að viðbragðstími hennar hefur lengst fyrir Vestfirði á sl. árum. Á sama tíma hefur ríkisvaldið dregið úr sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á landsbygginni og þá hefur fjöldi sjúkrafluga aukist frá Vestfirðum um 90% á sl. 5 árum. Sérhæfð bráðþjónusta er fyrst og fremst veitt í Reykjavík og í slíkum tilfellum skiptir hver mínúta við sjúkraflutninga lífsspursmáli.

Ljóst er að núverandi fyrirkomulag sjúkraflugs er ekki nóg til að tryggja öryggi fólks á Vestfirðum. Þurfa stjórnvöld að tryggja aðkomu Landhelgisgæslunnar að almennu sjúkraflugi og staðsetja sérútbúnað sjúkraþyrlur á landsbyggðinni, þar á meðal á Vestfirðum. Svona stórt öryggismál á að vera sjálfsögð krafa íbúa og gesta á Vestfirðum.

Ályktun um aukið samstarf

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019, hvetur sveitarstjórnarfolk á Vestfjörðum til að vinna að auknu samstarfi sveitarfélaganna og leggja sig fram við að viðhalda samstöðu þar á milli. Með því að snúa bökum saman verða sveitarfélögin betur í stakk búin til að auka gæði þjónustu sem þau veita og styðja við uppbyggingu öflugs atvinnulífs. Þar erum við að hefja stórsókn og er gott samstarf lykillinn að árangri. Það er skylda okkar sveitarstjórnarfólks að vera stanslaust vakandi fyrir leiðum til að vinna betur saman, með þjónustu við íbúa að leiðarljósi.

Haldið 25. og 26. október 2019
Félagsheimilinu Hólmavík

Ályktun um ýsukvóta

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 25. og 26. okt 2019 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoða niðurskurð á ýsukvóta um 30% vegna mikillar ýsugengdar á grunnmiðum. Verði ekki úr bætt kemur til stöðvunar fiskveiða á grunslóð við Vestfirði.

Ályktun um árstíllag

Fjórða haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggur til að á árinu 2020 verði ekki greitt sérstakt 7,5 m kr. viðbótarframlag vegna lífeyrisskuldbindinga en óskar eftir nánari skoðun á framtíðarfyrirkomulagi vegna þeirra og að minnisblað vegna þess verði lagt fram á vorþingi Fjórðungssambandsins 2020.

Tillaga felld

4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Þingskjal nr 31 áður nr. 5

Haldið 25. og 26. október 2019

Félagsheimilinu Hólmavík

A)

Fjórðungssamband Vestfirðinga - fjárhagsáætlun 2020		
Rekstrartekjur		
Styrkir og framlög	Áætlun 2020	Áætlun 2019
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	34.000.000	34.000.000
Árstillag sveitarfélaga til FV	37.400.000	37.400.000
Ferðamálastofa - fast framlag	16.400.000	16.400.000
Byggðastofun	42.000.000	42.693.000
Sóknaráætlun Vestfjarða	97.700.000	107.600.000
Framlag sveitarfélaga vegna lífeyrisskuldbindinga		7.500.000
Verkefnatengdar tekjur		
Jöfnunarsjóður - Sóknaráætlun / þróun	5.300.000	10.900.000
Framlög almenningsamgna		48.000.000
Þróun almenningsamgangna		
Ferðamálastofa - sérverkefni		
Árgjald Markaðsstofu		
Árgjald Earth Check	400.000	400.000
Ónotaðir styrkir fyrra árs		43.580.000
Ónotaðir styrkir færðir til næsta árs		
Styrkir vegna Byggðaáætlunar	15.000.000	
Sértekjur		
Endurgreiddur útlagður kostnaður		
Aðrar tekjur		
Verkefnaframlög ráðuneyta		16.000.000
Samtals	248.200.000	364.473.000
Rekstrarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld		
Stjórn og nefndir	1.000.000	1.200.000
Aðkeypt ráðgjöf og þjónusta		
Annar skrifstofukostnaður		
Greiddir styrkir og áhersluverkefni	87.700.000	147.575.000
Kostnaður vegna sérverkefna		
Framlög til Vestfjarðastofu	158.800.000	148.700.000
Almenningsamgöngur		54.400.000
Annar kostnaður		
Endurskoðun og bókhald	500.000	500.000
Lífeyrisskuldbindingar	7.500.000	7.500.000
Samtals	255.500.000	359.875.000
Hagnaður (tap)	(7.300.000)	4.598.000
	Framlög til VFS	

B)

Teikjur		Rekstur skrifstofu	Sóknaráætlun	Atvinnuþróun	Byggðaðróun	Menningarmál	Markaðsmál
FV - VFS vegna reksturs skrifstofu (Jöfnunarsjó)	33.000.000	33.000.000					
FV-VFS vegna Sóknaráætlunar							
Vegna reksturs	9.700.000		9.700.000				
Vegna áhersluverkefna	33.000.000		5.000.000	10.000.000	5.000.000		13.000.000
FV-VFS vegna reksturs skrifstofu - Sveitarfél	37.400.000	10.200.000		6.500.000	4.000.000	9.900.000	6.800.000
FV-VFS vegna framlags Ferðamálastofu	16.400.000						16.400.000
FV-VFS vegna þróunar sóknaráætlunar - Jöfn	5.300.000		5.300.000				
FV-VFS framlög vegna byggðaaætlunar	15.000.000			15.000.000			
FV - VFS Framlag Byggðast. til atvinnuþróunar	42.000.000			42.000.000			
Sérteikjur vegna bókhalds	6.520.000	6.520.000					
Brothættar byggðir	10.200.000				10.200.000		
Styrkir vegna Broth byggða - til úthlutunar					-		
Framlög Ferðamálastofu	10.375.000						10.375.000
Ónotaðir styrkir færðir milli ára	8.000.000				8.000.000		
Áhersluverkefni færð milli ára	5.000.000			5.000.000			
Árgjöld fyrirtækja	4.000.000			2.000.000			2.000.000
Samtals teikjur	235.895.000	49.720.000	20.000.000	80.500.000	27.200.000	9.900.000	48.575.000
Laun og launatengd gjöld							
Laun og launatengd gjöld	134.500.000	22.416.667	14.570.833	44.833.333	17.036.667	7.621.667	28.020.833
Stjórn og nefndir	8.500.000	8.500.000					
	143.000.000	30.916.667	14.570.833	44.833.333	17.036.667	7.621.667	28.020.833
Skrifstofukostnaður							
Húsnæðiskostnaður	8.810.000	1.468.333	954.417	2.936.667	1.115.933	499.233	1.835.417
Tryggingar, húsnæðis og starfsmanna	450.000	75.000	48.750	150.000	57.000	25.500	93.750
Aðkeyptir verktakar	10.000.000	2.000.000		4.000.000			4.000.000
Ritföng og pappír	630.000	105.000	68.250	210.000	79.800	35.700	131.250
Flutningur og póstsendingar	300.000	50.000	32.500	100.000	38.000	17.000	62.500
Þjónustugjöld	510.000	85.000	55.250	170.000	64.600	28.900	106.250
Sími og internet	800.000	133.333	86.667	266.667	101.333	45.333	166.667
Kaup á hugbúnaði og tækjum	1.500.000	250.000	162.500	500.000	190.000	85.000	312.500
Viðhald á hugbúnaði og tækjum	1.550.000	258.333	167.917	516.667	196.333	87.833	322.917
Auglýsingar	2.000.000	333.333	333.334	666.667	253.333		416.667
Útgáfa, prentun bæklinga ofl.	2.500.000	1.000.000					1.500.000
Dreifing	500.000	150.000					350.000
Annar rekstur	450.000	75.000	48.750	150.000	57.000	25.500	93.750
	30.000.000	5.983.333	1.958.334	9.666.667	2.153.333	850.000	9.391.667
Kostnaður vegna sérverkefna							
Flug	3.500.000	437.500	291.667	1.166.667	437.500	291.667	875.000
Akstur	3.300.000	412.500	275.000	1.100.000	412.500	275.000	825.000
Fundur / ráðstefnur	4.500.000	562.500	375.000	1.500.000	562.500	375.000	1.125.000
Fjórðungsþing og málþing	3.000.000	3.000.000					
Heimasíða og samfélagsmiðlar	1.500.000	625.000	83.333	333.333	125.000	83.333	250.000
Árgjald Earthcheck	500.000				500.000		
Samstarf landshlutasamtaka	350.000	350.000					
Verkefnakostnaður	43.350.000	5.406.250	2.250.000	21.800.000	5.893.750		8.000.000
Endurskoðun	2.000.000	2.000.000					
	62.000.000	12.793.750	3.275.000	25.900.000	7.931.250	1.025.000	11.075.000
Hagnaður/(tap)	895.000	26.250	195.833	100.000	78.750	403.333	87.500

C)

Tillaga um árstíllag sveitarfélaga á Vestfjörðum til FV / Vestfjarðastofu á árinu 2020

	Íbúar 1. jan 19	Árstíllag pr íbúa	Árleg heildarframlög sveitarfélaga	FV - Rekstur skrifstofu *	Framlag til markaðsstofu **	Framlag til menningarmála ***	Framlag til umhverfisvottunar****	Framlag til atvinnuþróunar	Mánaðarlegar greiðslur vegna byggða- og atvinnuþróunar	Mánaðarlegar greiðslur vegna Lífeyrisskuldbindinga *****
<i>Skipt samkvæmt íbúatölu 1. jan 2018 skv. gögnum Hagstofu 3. okt. 2018</i>				10.200.000	6.800.000	9.900.000	4.000.000	6.500.000	37.400.000	7.500.000
Árneshreppur	40	6.419,79	256.792	4.814	3.209	4.672	1.888	3.068	17.651	3.540
Bolungarvíkurkaupstaður	953	6.419,79	6.118.058	114.689	76.459	111.316	44.976	73.086	420.527	84.330
Ísafjarðarbær	3800	6.419,79	24.395.196	457.313	304.875	443.862	179.338	291.425	1.676.813	336.259
Kaldranahreppur	103	6.419,79	661.238	12.396	8.264	12.031	4.861	7.899	45.450	9.114
Reykholahreppur	258	6.419,79	1.656.305	31.049	20.699	30.136	12.176	19.786	113.847	22.830
Strandabyggð	449	6.419,79	2.882.485	54.035	36.023	52.446	21.190	34.434	198.129	39.732
Súðavíkurhreppur	204	6.419,79	1.309.637	24.550	16.367	23.828	9.628	15.645	90.018	18.052
Tálknafjarðarhreppur	258	6.419,79	1.656.305	31.049	20.699	30.136	12.176	19.786	113.847	22.830
Vesturbyggð	998	6.419,79	6.406.949	120.105	80.070	116.572	47.100	76.537	440.384	88.312
	7063		45.342.965	850.000	566.667	825.000	333.333	541.667	3.116.667	625.000

* Samkvæmt samþykkt 2. haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga (heildarframlag er 17,7 mkr en frá því dragast 1 mkr vegna markaðssetningar ferðamála og 6,5 mkr framlag til atvinnuþróunar

** samkvæmt samþykkt 2. haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga og rennur til reksturs og markaðssetningar Vestfjarða sem áfangastaðar ferðamanna (5,8 mkr + 1 mkr)

*** Framlag til menningarmála byggir á samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 um að eitt af áhersluverkefnum tímabilsins verði í menningarmálum. Var áður framlag til Menningarráðs Vestfjarða sem var sameinað FV árið 2013

**** Vinna að umhverfisvottun sveitarfélaga, unnið af FV/Vestfjarðastofu fyrir sveitarfélögin. Árgjald sem nemur um 400 þ kr. á ári (AUD 3.770) er innheimt sérstaklega í október. Í tillögu sem liggur fyrir þinginu er lagt til að hækka framlag vegna vinnu að umhverfisvottun um 2 mkr á ári

***** Lagt er til að sveitarfélögin greiði sérstakt tímabundið framlag vegna lífeyrisskuldbindinga FV.

Skipt niður á mánuði samkvæmt samþykkt 62. Fjórðungþings Vestfirðinga í samræmi við 8. gr. Samþykkt FV

Ályktun um raforkumál

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 ályktar eftirfarandi:

Með vísan í meginmarkmið Fjórðungssambands Vestfirðinga um að vinna að því að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.

Jafnframt með vísan í stefnu stjórnvalda sem mörkuð var með þingsályktun um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148 að allir þéttbýlisstaðir verði tengdir N-1 tengingu sem tryggir raforkuflutninga.

Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur stjórnvöld til þess að hefja vinnu við mótun langtímaorkustefnu fyrir Ísland, en stefnuleysi stendur þróun á Vestfjörðum fyrir þrifum.

Aukin eftirspurn er eftir orku á Vestfjörðum vegna fjölbreyttrar starfsemi, svo sem kalkþörungavinnslu, fiskeldis, ferðaþjónustu og fjölgunar íbúa samhliða auknum umsvifum í atvinnulífi. Slík uppbygging er háð því að afhendingaröryggi og aðgangur að aukinni orku sé fyrir hendi. Haustþing fagnar því áformum um aukna raforkuframleiðslu á Vestfjörðum með sjálfbærri nýtingu vatns og vinds.

Ályktun um samgöngumál

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 tekur undir meginmarkmið í drögum að Samgönguáætlun 2020-2034 og tengingu þeirra við sveitarstjórnarmál³.

Til að ná fram meginmarkmiðum fyrir vestfirsk samfélög þarf hinsvegar aukið fjármagn til samgönguáætlunar.

Vegaáætlun.

Dýrafjarðargöng. Verkefninu líkur á árinu 2020 og þar með er stærstu hindrun rutt úr vegi að koma á viðunandi heilsárssamgöngum á milli sunnan og norðanverðra Vestfjarða. Áhrif þessa á atvinnulíf og samfélög verða víðtæk sérstaklega á nýjar atvinnugreinar s.s. laxeldi og fyrir ferðapjónustuna með verkefninu Hringvegi 2.

Dynjandisheiði - Nýframkvæmd. Mikilvægt að aukið er við fjármagn til að ljúka megi verkefninu á fyrsta áætlunartímabilinu 2020-2024, en gerð er krafa um að stytta verk tíma í stað þess að dreifa honum á fimm ár.

Bíldudalsvegur - Nýframkvæmd. Mikilvægt að nú er lagt til að aukið verði við fjármagn til þess að vinna verkefnið á öðru framkvæmdatímabili, 2025 til 2029. Tímarammi verkefnisins er hinsvegar ekki í takt við uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum. Verkefnið þarf því að komast inn á fyrsta tímabil samgönguáætlunar og nýta hagræði skipta vinnu eftir árstíðum á móti nýframkvæmdum á Dynjandaheiði

Innstrandavegur – Nýframkvæmd. Mikilvægt er að vegkaflinn er nú kominn á samgönguáætlun að nýju, enda er hann hluti af vegi fyrir þjónustusókn íbúa Strandabyggðar. Sú ákvörðun um að taka veginn af samgönguáætlun var í raun forkastanlegt og það er því réttmæt krafa að framkvæmdin verði sett á fyrsta tímabil samgönguáætlunar. Samtímis þarf að tryggja að fjármagn verði sett á annað tímabil samgönguáætlun og vegurinn verði lagður bundnu slitlagi í lok þess tímabils m.a. sem hluta af verkefninu Hringvegi 2.

Veidileysuháls. Tillaga um að færa verkefnið af fyrsta tímabil á annað tímabil er fullkomlega forkastanleg. Samkvæmt Samgönguáætlun 2019-2023 átti að vinna verkefnið á árinu 2022, þeirri tillögu var harðlega mótmælt m.t.t. stöðu samfélagsins í Árneshreppi og markmiðum verkefnisins Áfram Árneshreppur. Með nýrri tillögu eru stjórnvöld í raun að senda þau skilaboð að leggja beri niður samfélagið í Árneshreppi.

Jarðgangaáætlun. Það mikilvægt að sérstök jarðgangaáætlun er nú sett fram sem hluti af Samgönguáætlun og jarðgangaverkefni verði eftirleiðis samfelld á öllu áætlunartímabilinu. Í jarðgangaáætlun þarf að setja inn eftirfarandi framkvæmdir:

- Jarðgöng milli búsetusvæða innan Vesturbyggðar
- Breikka Vestfjarðargöng
- Súðavíkurgöng

³ Meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum eru að:

- Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.
- Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt.

- Göng undir Klettsháls

Það eru hinsvegar vonbrigði hve lítið rými jarðgangaaætlun fær í heildarskjalinu og er í raun upptalning á jarðgangakostum sem komið hafa inn í umræðuna með mismunandi hætti en ekki eftir heildstætt mat. Í annan stað að jarðgangagerð á áætlunartímabilinu verða í samfelldri framkvæmd, jarðgöng á Mið - Austurlandi.

Hér um að ræða óviðandi stöðu því samgöngukerfi á Vestfjörðum þurfa að mæta fyrirsjáanlegum vexti í atvinnulífi s.s. fiskeldi og ferðaþjónustu auk fjölgunar íbúa. Fjallvegir sem tenging á milli byggðarlaga innan atvinnusvæða eru í þeim efnum, fortíðarlausn.

Skorað er því á stjórnvöld að vinna að heildstæðri jarðgangaaætlun til næstu 45 ára og leggja fram í þingsályktun sem viðauka við Samgönguáætlun, eigi síðar en á haustþingi 2020. Þar verði jarðgangaf framkvæmdum forgangsraðað og fjármögnunarleiðir útlistaðar.

Hafnarmál.

Vaxandi umsvif í höfnum á Vestfjörðum vegna fiskeldis, sjávarútvegs, móttaka skemmtiferðaskipa og nýting kalkþörungs, kalla á aukið fjármagn og flýtingu framkvæmda. Hraður vöxtur sem kallar á mikla uppbyggingu á skömmum tíma er hafnarsjóðum ofviða og þar þarf að grípa til aðgerða. Dæmi hér um, er staða mála Bíldudalshafnar vegna uppbyggingu laxeldis og vinnslu kalkþörungs. Við hafnaframkvæmdir verði tekið mið af áætlun stjórnvalda um orkuskipti.

Flugmál.

Mótmælt er að ekki er gerð nein tillaga um að bregðast við ófremdarástand varðandi viðhald áætlunarflugvalla á Vestfjörðum. Ítrekuð er krafa vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs. Þess er krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflygvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægt er að áætlunarflug sé raunverulegur valkostur fyrir ferðir íbúa og mikilvægt að lagt er til í Samgönguáætlun að niðurgreiða flugfargjöld. Auk þess þarf að auka fjármagn til niðurgreiðslu áætlunarflugs. Þá er gerð sú krafa að flogið verði til Bíldudals daglega og að minnsta kosti einu sinni í viku verði flogið tvisvar á dag enda hafi nýting á Bíldudalsflugvelli aukist mikið á síðustu árum.

Almenningssamgöngur

Lýst er áhyggjum af innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðis. Stjórnvöld hafa sett fram áhugaverða stefnu um eflingu almenningssamganga innan atvinnusvæða og þjónustusókn á milli landshluta en framlög til málaflokksins samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun verða lækkuð á næstu árum og því erfitt að sjá hvernig almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðisins geti gengið. Þess er krafist að framlög til reksturs almenningssamgangna á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga verði hækkuð verulega til að tryggja, í samvinnu við sveitarfélög, að almenningssamgöngur innan vinnusóknarsvæða verði með nægri tíðni ferða til að nýttast sem raunhæfur valkostur fyrir íbúa og gesti.

Vegaþjónusta.

Lýst er áhyggjum að framlög til vegþjónustu eru ekki að mæta aukinni umferð og ekki er mætt uppsöfnuðum halla á vetrarþjónustu í frumvarp til fjárlaga 2020. Augljóst er að ekki er hægt að reka málaflokkinn með þessum hætti og mæta ekki vaxandi þörf í takt við aukna eftirspurn.

Hækka þarf framlag til að auka vetrarþjónustu milli þéttbýliskjarna Vestfjarða og innan vinnusóknarsvæða.

Gjaldtaka.

Mótmælt er hugmyndum um gjaldtöku í jarðgöngum. Jarðgöng á Íslandi, að undantekningu Hvalfjarðargöng, hafa verið sett í framkvæmd til að leysa af hættulega fjallvegi og hlíðar. Þannig hefur verið komið á jafnræði íbúa landsins með því að byggja upp öruggar heilsárssamgöngur milli sveitarfélaga og milli byggðarlaga innan sveitarfélaga og síðan tengingu við aðra hluta landsins.

Eigi yfir höfuð að ræða gjaldtöku, þá má á sama hátt horfa á gjaldtöku á mislæg gatnamót, umferðarbrýr, umferðastokka og brýr yfir ár og fljót sem ígildi „ganga“ til að koma umferð í gegnum.

4. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga getur eingöngu fallist á gjaldtöku í jarðgöng ef tryggt er að önnur heilsársleið sé fær.

Hringvegur 2.

Nýr hringvegur fyrir Ísland og ferðþjónustu á Íslandi, Hringvegur 2 eða Vestfjarðahringur, alls 1000 km sem liggur um Dali, Vestfirði og Hrútafjörð, með mikla fjölbreytni náttúru, menningar og afþreyingar.

4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA

Þingskjal nr.34 áður nr. 10 og 22

Haldið 25. og 26. október 2019
Félagsheimilinu Hólmavík

Ályktun um uppfærða heildaráætlun jarðgangagerð á Vestfjörðum.

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggur til að farið verði í að vinna uppfærða heildaráætlun um jarðgangagerð á Vestfjörðum. Í áætluninni verði metnir helstu jarðgangnakostir á Vestfjörðum og þeim forgangsraðað með tilliti til atvinnusóknarsvæða, verðmætasköpunar, sameiningu sveitarfélaga, þjónustu, umferðaröryggis og samfélagslegra áhrifa. Horft verði sérstaklega til bættra samgangna með jarðgöngum svo sem undir Hálfán, Mikladal, Kleifaheiði, Klettsháls og milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Einnig verði lögð áhersla á tvöföldun Breiðadals- og Botsheiðarganga. Heildstæð jarðgangnaáætlun yrði nauðsynleg fyrir baráttu Vestfirðinga fyrir nútímasamgöngum.

Ályktun um niðurgreiðslu húshitunar kostnaðar

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 skorar á ferðamála, iðnar- og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir auknum niðurgreiðslum hitunarkostnaðar með raforku til heimila, þannig að kostnaður þeirra er nota raforku til húshitunar verði ekki meiri en hjá notendum „meðaldýrra“ hitaveitna. Jafnframt skorar þingið á ráðherra að beita sér fyrir jöfnun á kostnaði við dreifingu raforku milli landsmanna.

Ályktun um vegaf framkvæmdir í Árneshreppi

4. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldið á Hólmavík 25.-26. október 2019, krefst þess að samgönguráðherra og Alþingi tryggi íbúum Árneshrepps heilsársvegasamgöngur.

Greinargerð:

Í samgönguáætlun árin 2015-18 sem samþykkt var á Alþingi 12. október 2016 var gert ráð fyrir 200 milljón króna fjárveiting til að hefast handa við Veiðileysuháls og áttu framkvæmdir að hefjast 2018. Árið 2018 leið án þess að nokkuð gerðist og síðan var allt svikið að venju.

Heilsársvegasamgöngur eru forsenda byggðar. Árneshreppur rær lífróður nú um stundir. Stjórnvöld hafa brugðist íbúum hreppsins ítrekað með sviknum lofordum. Áframhaldandi aðgerðarleysi er ákvörðun um eyðingu byggðar.

Ályktun um flokkun sorps

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 hvetur stjórnvöld landsins til að koma af krafti inn í málaflokk sorps, þannig að tryggja megi t.d. að flokkun sorps verði alstaðar sú sama á landinu.

4. haustþing leggur einnig til að farið verði í samræmda vinnu í sorpmálum innan fjórðungsins.

Vinna þarf markvisst að því að draga úr umfangi sorps og nauðsynlegt er að komist verði út úr þeirri skammtímalausn sem felst í urðun sorps í því gríðarlega magni sem nú er.

Nauðsynlegt er að allir landsmenn, jafnt í borg sem í sveit, komi af sömu virðingu fram við umhverfið og leggi sitt að mörkum við að draga úr losun sorps og bæti nýtingu á því hráefni sem sannarlega er vannýtt í sorpi.

Ályktun um skipun fastanefndar

4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Hólmavík 2019 leggur til að Fjórðungssambands Vestfirðinga skipi fjárhagsnefnd sem eina af fastanefndum sambandsins. Samhliða verði fjárhagsáætlun og greining fjárhagslegra upplýsinga Vestfjarðastofu færð til samræmis við sveitarfélög þar sem fjárhagsáætlun er deildarskipt og frávik frá fjárhagsáætlun eru skilgreind með viðaukum við fjárhagsáætlun á sama hátt og sveitarfélög.

Greinargerð:

Tilgangur fjárhagsnefndar milli þinga væri m.a. að vinna með starfsfólki og stjórn

Tillaga dregin til baka

Tillaga millipinganevndar um breytingar á samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

1. gr. Heiti og heimili

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

2. gr. Hlutverk

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Markmið sambandsins eru:

- að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við, snúa að byggðaðþróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirska vísu, eða vinna að hagsmunamálum Vestfjarða eftir því sem við á.

3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing er haldið í tvennu lagi á hverju ári, Fjórðungsþing að vori skal haldið í apríl eða maí og Fjórðungsþing að hausti í september eða október.

Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmætt ef löglega er til

Þess boðað. Fjórðungsþing Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungsþings, aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Aukaþing skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukaping haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðaréttur

Fulltrúar á Fjórðungsþingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra.

Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa, skal hann tilkynna það í sveitarstjórn og afhenda viðkomandi undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar, sem leggja þarf fram við komu á Fjórðungsþing.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á haustþingi. Kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara. Kjörtímabil stjórnar eru 24 mánuðir, kosið skal í stjórn á kosningarári sveitarstjórna og aftur að tveimur árum liðnum. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsþing formann stjórnar, en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrir en að jafnlöngum tíma liðnum. Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða missir kjörgengi, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsþing ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

6. gr. Ársreikningur

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

7. gr. Árstíllag sveitarfélaganna

Ákvörðunum um árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins er tekin á haustþingi. Árstíllagið skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags og skal miðað við íbúafjölda 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

8. gr. Fjórðungsþing að vori

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi að vori, ár hvert.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing endurskoðaða og áritaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði ársreikningarnir og endurskoðuð fjárhagsáætlun skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 15 dögum fyrir Fjórðungsþing.

Á dagskrá Fjórðungsþings að vori skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Önnur mál löglega fram borin.
6. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

9. gr. Fjórðungsþing að hausti

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi að hausti ár hvert. Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði fjárhagsáætlun næsta árs og endurskoðuð fjárhagsáætlunin líðandi árs skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 15 dögum fyrir Fjórðungsþing.

Haustþingið skal ræða helstu hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum og getur ályktað um þau mál sem borin eru þar upp og ræður afl atkvæða niðurstöðu máls.

Á dagskrá Fjórðungsþings að hausti skulu vera þessi mál;

1. Ávarp formanns FV.

2. Skýrsla formanns Samgöngu og fjarskiptanefndar.
3. Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða.
4. Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum.
5. Laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
6. Ákvörðun um árstíllag sveitarfélaganna á næsta starfsári.
7. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsárs.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
9. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns
10. Kosning í fastanefndir
11. Breytingar á samþykktum FV.
12. Önnur mál löglega fram borin.

10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti og Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Á Fjórðungspingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.
- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum
- Kjörrið skal í tvö fagrað sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagrað menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagrað atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjú fulltrúar hvors fagraðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.

Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsping kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsvettvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

11. gr. Kostnaður

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundahöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af sambandinu. Þóknarir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungspingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa á Fjórðungspingum.

12. gr. Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa heldur utan um rekstur FV samkvæmt samningi. Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu er jafnframt framkvæmdastjóri FV og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum. Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni framkvæmdastjóra fyrir FV, skal vera hluti af ráðningarsamningi Vestfjarðastofu við hann.

13. gr. Framkvæmd verkefna

Stjórn Vestfjarðastofu og þar með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, ræður framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu Vestfjarðastofu forstöðu og hefur á hendi fjármálastjórn fyrir Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandið.

Framkvæmdastjóri og sviðstjórar eiga seturétt á Fjórðungspingi jafnt að vori sem á hausti, sem og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Framkvæmdastjóri skal leggja fram starfsskýrslu á Fjórðungspingi að vori.

Stjórn FV skal gera skriflegan samning við stjórn Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefna fyrir hönd FV. Þar sem öll stjórn FV er í stjórn Vestfjarðastofu, skal varaformaður FV velja tvo aðra stjórnarmenn með sér til að gæta hagsmuna FV í tvíhliðasamningum við Vestfjarðastofu.

14. gr. Um aðild og úrsögn

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar sambandsins eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsping og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild og ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykka aðild skal greiða fyrir eignarhlut sinn í sambandinu í hlutfalli við íbúafjölda, miðað við 1. janúar. Miða skal við hreina eign sambandsins, miðað við síðustu áramót.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í sambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en átta vikum fyrir Fjórðungsping að vori og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í sambandinu. Greiðsla til

sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

Verði breyting á sveitarfélagamörkum og nöfnum sveitarfélaga með sameiningu sveitarfélaga halda hin sameinuðu sveitarfélög aðild að FV án sérstaks uppgjors eða meðhöndlunar sem um úrsögn væri að ræða.

15. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má samþykktum þessum á Fjórðungsþingi og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

16. gr. Slit

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema á kosningaári og þá aðeins að löglega boðuð Fjórðungsþing að vori og að hausti, samþykki það með 2/3 hluta atkvæða á báðum þingum. Þingin skulu haldin á hefðbundnum tíma árs og með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

Þannig samþykkt á 4. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga 26. október 2019.

Þingsköp fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

1. gr.

Ársþingið heitir Fjórðungsþing Vestfirðinga.

2. gr.

Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins í tvennu lagi að vori og hausti. Við lok vorþings er þingi frestað til haust og við lok haustþings er þingi slitið.

3. gr.

Formaður stjórnar sambandsins, eða annar í umboði hans, setur þingið og gengst fyrir kosningu þingforseta. Lætur forseti því næst kjósa varaforseta og ritara, einn eða fleiri, og rita þeir þinggerð í tölvu. Heimilt er þingforsetum að ráða utanþingsskrifara til aðstoðar ritara. Heimilt er að senda út og hljóðrita ræður þeirra sem til máls taka á þingfundum.

4. gr.

Þingfulltrúar skrá sig við upphaf þingsins.

5. gr.

Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna. Þingforsetar ráða röð málanna á dagskránni.

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd, fjármálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hverrar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og vara- endurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

7. gr.

Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á fundum. Mál er fallið ef atkvæði eru jöfn.

8. gr.

Tvær umræður skulu fara fram um hvert mál, þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef fundurinn samþykkir. Við lok fyrri umræðu skal málum vísað til nefnda. Eftir umfjöllun nefnda skal mál tekið til annarrar umræðu og afgreiðslu þings.

9. gr.

Hver þingfulltrúi hefur leyfi til að koma með breytingar- eða viðaukatillögur, bæði við aðaltillögur og breytingartillögur. Breytingartillögur hafa forgangsrétt við atkvæðagreiðslur. Allar tillögur skal afhenda forseta skriflega, undirritaðar af tillögumanni, áður en til atkvæða er gengið.

10. gr.

Máli má víkja frá umræðu með rökstuddri dagskrá og skal hún borin undir atkvæði þingfundar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli, ef þess er krafist, eða ef hún er óljós að dómi forseta. Sé óskað skriflegrar atkvæðagreiðslu, skal hún fara fram og skal stjórnin hafa tiltæka atkvæðaseðla miðað við atkvæði hvers þingfulltrúa.

12. gr.

Þegar forseti vill taka þátt í umræðum vikur hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

13. gr.

Fulltrúar skulu taka til máls standandi frá sætum sínum eða í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í réttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

14. gr.

Enginn fulltrúi má taka oftár til máls en þrisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli, en þó skulu flutningsmenn máls og framsögumenn meiri- og minnihluta nefnda hafa rétt til að taka oftár til máls.

15. gr.

Forseta skal skylt að bera undir atkvæði hvort umræðum skuli hætt, ef fimm fulltrúar æskja þess skriflega.

16. gr.

Forseti sér um að góð regla sé á fundum og hefur rétt til að víta framkomu fulltrúanna í orðum og háttarni. Sé fulltrúi mjög ókurteis í orðum hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið við þá umræðu. Skyldir skulu fulltrúarnir til að aðstoða forseta í að halda góðri reglu.

17. gr.

Þingfundir skulu öllum opnir á meðan húsrúm leyfir án málfrelsis og tillöguréttar. Heimilt er að halda lokaðan þingfund ef meirihluti þingfulltrúa samþykkir.

18. gr.

Þingsköpum þessum má breyta og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

Þannig samþykkt á 4. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga 26. október 2019.